

| tíska | jól | bækur | fjölskyldan | heilsa | matur | tónlist |

birta

» ekki öll sem sýnist

HEIÐA

» Leggur líf & sál
í fyrstu plötuna

BLAÐAUKI

» um jólaskraut

» Sjón

Einni sögu ríkari

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
25. nóvember – 1. desember

Veldu Ford 4x4 Nýtt tákni um gæði

Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag

Lægsta verð á



Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5,

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegu greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalað.



Nýtt tákni um gæði

á öldinni. Núna.

☀️ Kaupu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*

Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 32.400 kr.
Rekstrarleiga 49.900 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 37.500 kr.
Rekstrarleiga 57.700 kr.



● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 39.100 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.



● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 41.600 kr.
Rekstrarleiga 63.600 kr.

Jólatilboð Brimborgar

☀️ **Jólin nálgast.**
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

Þú færð að auki gæða vetrardekk frá Nokian að verðmæti 85.000 kr. með nýjum Ford Escape. Við setjum sumardekkinn í farangursrýmið.

Ford Escape er í fjórum útfærslum. Tvær afmíklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape.

Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.


Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**



Öruggur staður til að vera á

sími 462 2700 | Brimborg Reykjaneshæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl. myntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar líð í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



TÓMT,
EN LOFAR GÓÐU.



0,0%



12



18



26



22

Þetta helst

- 7 Aðventukransar
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Helga Más Bjarnasonar
- 12 Flott tískusýning á Hótel Borg
- 16 Heiða gerir plötu með hjartanu

Viðtöl

- 18 Sjón er einni sögu ríkari
- 22 Siggí Harðar er alltaf á toppnum

Hann hún

- 26 Sætir brauðréttir sem gleðja sálina
- 32 Þórhildur Elín er með barn undir belt
- 32 Handþvottur barna
- 34 Anna í Amman
- 34 Stjörnuspá
- 36 Stjörnur í rauðum skóm
- 38 Heilbrigðir verslunarhættir

Jólabirta

- 40 Gyllt jól
- 44 Upphaldsskraut Þórdísar Zoëga
- 46 Forgengilegt jólas kraut
- 48 Jólakúlur
- 50 Gamaldags jólas kraut
- 52 Jólabörnin hans Ómars Ragnars-sonar
- 54 Jólasveinar einn og átta

Í hverju blaði

- 56 Krossgáta
- 58 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

25. nóvember - 1. desember 2005 nr. 47

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
 steinunn@frettabladid.is
 og Sigríður Björg Tómasdóttir
 sigridur@frettabladid.is
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
 Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
 Laila Awad / laila@365.is
 Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
 Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
 Sölufultrúi 550 5828 / 899 7600
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
 Sölufultrúi 550 5811 / 821 7514
 Henný Sif Bjarnadóttir / henny@365.is
 Sölufultrúi 550 5834 / 862 0780

UMBROT: 365 – prentmiðlar
 Sigurður B. Sigurðsson og Einar Elí Magnússon
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 FORSÍÐUMYND: Hari
 NETFANG: birta@frettabladid.is
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

AYGO



Settu AYGO á dagskrána þína...

- Komdu við í AYGO hjólhýsinu og heilsaðu upp á okkur
- Fylgstu með AYGO tónleikaröðinni
- Reynsluaktu AYGO og þú færð óvæntan glaðning að launum

Farðu á www.aygo.is og kynntu þér AYGO hjólhýsið, reynsluaksturinn og spennandi tónleikadagskrá næstu vikunnar.



Aðventukransinn stendur alltaf fyrir sínu

Fátt er notalegra en gamli siðurinn að kveikja á aðventukransinum á hverjum sunnudagseftirmiðdegi í aðventu, súpa á kakói, smakka jólasnákökurnar, og fylgjast með snjónum falla í ljósaskiptunum. Um þessa helgi er fyrsti sunnudagur í aðventu, og því ekki seinna vænna en að fara að huga að kransinum sé hann ekki kominn á stofuborðið nú þegar. Rétt eins og mennirnir hafa aðventukransarnir breyst með tímanum. Bæði er hægt að kaupa þá tilbúna víðsvegar um landið sem og kaupa efni í þá og eyða ef til vill fyrsta sunnudagsmorgninum í aðventu með fjölskyldunni í að búa kransinn til. Ef maður fylgir hefðbundnu uppskriftinni þá notar maður lifandi greni, köngla, rauðar slaufur og fjögur rauð eða hvít kerti. Þá er ekki að spyrja að ilminum sem fyllir húsið þegar grenið er vafið í kransinn. Það er ekki úr vegi að nota hluti eins og ilm-andi stubbakerti, heimatilbúið jólaskraut, flott og óvenjulegt skraut eða borða. Jafnvel er hægt að nota bakka sem undirstöðu, frekar en kransinn hefðbundna. Og svo er bara að hringa sig saman í sófanum, kveikja á fyrsta kertinu, spádómskertinu, og hafa það notalegt.

heitt & kalt

Heitt



Niðurpröngar gallabuxur Birta er nú ekki bústin eins og lesendur finna á þyngdinni og finnst því æðislega smart að smella sér í niðurpröngar gallabuxur og spranga um bæinn.



Fréttir Sástu fréttirnar í kvöld? Nú er fréttavit að komast í tísku ef hægt er að orða það þannig. Allir vilja fréttir og meiri fréttir sem er kannski bein afleiðing af gríðarlegri samkeppni fjölmiðlanna. Svalt að vera fróður.



Grænn litur Nú er græni liturinn á útleið. Liturinn var allsráðandi í sumar en virðist vera að syngja sitt síðasta. Eina björgin fyrir græna litinn eru komandi jól þar sem græni liturinn skipar smá sess.



Gervineglur Æ er það? Spurning hvort við hættum ekki að eyða offjár í gervineglur og „French manicure“ og tileinka okkur náttúrulegra útlit. Þetta líkar dettur og flagnar af við minnsta tilefni.



Að leggja í stæði fatlaðra Nú fyllast verslunarmiðstöðvar og -götur af brjáluðum neytendum. Birta veit það getur verið erfitt að finna bíla-stæði en ekki leggja í stæði fatlaðra! Það er skelfilegur dóna-skapur og vanvirðing.

Ískalt

» Jóladaatal

Bráðum koma blessuð jólin

Desember er alveg að koma og allir ættu að eignast að minnsta kosti eitt jóladaatal. Jóladaगतöl eru að sjálfsgöðu ómissandi fyrir börn en full-orðnir geta haft gaman af þeim líka. Súkkulaði mótað í fallegar jólamyndir gleður nefnilega alla, ekki bara börn. Það er auðveldlega hægt að finna jólabarnið í sjálfum sér með hjálp jóladaगतals-ins. Hver verður ekki spenntur yfir því að opna litla glugga og vita ekki hvað leynist á bak við þá? Allir hafa þá eitthvað að hlakka til á hverjum degi fram að jólum en það styttnir biðina eftir hátíðinni sjálfri og gerir hvern dag að lítilli hátíð.



» Laufabrauð

Listrænir hæfileikar njóta sín

Laufabrauðsskurður skapar kærkomnar samverustundir á aðventunni og nú er komið að því að listrænir hæfileikar stórfjölskyldunnar fái að njóta sín. Sumir eru svo vel búandi að eiga sérstök laufabrauðsjárn en bretti og oddhvasir hnifar eru samt sem áður bráðnaudsynleg áhöld fyrir hvern og einn til að bretta upp mynstrinu. Enn meiri fjölbreytni verður líka í mynsturgerðinni ef það er skorið með hníf. Þá er hægt að hafa það mismunandi stórgert og láta hugmyndaflugði ráða för.



» Jólasveinar

Gjafir í litla skó

Heimildarmenn Birtu hafa séð einstaka jólasvein á vappi í borginni í leit að smáhlutum til að gefa þægum börnum í skóinn. Ástæða ótímabærra ferða jólasveinanna virðist vera bilun í einni dótáúatilvélinni í hellinum þeirra. Gryla tók víst æðiskast á Leppalúða því hann gleymdi að hleypa jólakettinum inn yfir nóttina og hún fleygði í reiði sinni strákústinum í eitt leikfangafæribaldið með þeim afleiðingum að það gaf sig. Jólasveinar eru því komnir á stjá við gjafaleit, enda ekki seinna vænna, vaktin þeirra byrjar eftir rétt rúmar tvær vikur.



» Jólapakkar

Pakkana til útlanda í póst

Sumir ættingjar hafa lagt land undir fót og komast ekki heim um jólin vegna ýmissa ástæðna. En þótt ættingjarnir svipti okkur þeirri gleði að njóta samvistar þeirra á hátíðisdögum eiga þeir jú skilið að fá jólapakka sendan yfir hafid. Til að vera öruggur um að jólapakinn komist til skila skaltu póstleggja hann fyrir fimmta desember ef hann fer utan Evrópu en þann þrettánda ef hann fer innan Evrópu. Munið að kynna ykkur vel hvað má setja í pakkana og hvað ekki svo engar gjafir verði endursendar með tollmiða á toppnum.





...með allt fyrir jólin!

Laugardagur

13:00 Birta og Bárður árita jóladagatal Sjónvarpsins við Pennann

14:00 Jólaveinar koma í heimsókn

16:00 Nylon og Heiða skemmta á Blómatorgi

Sunnudagur

15:00 Kveikt á jólatré Kringlunnar

Frú Dorrit Moussaieff kveikir ljósin á trénu

Skólakór Kársness syngur jólalög

Nylon og Heiða skemmta

Jólaveinar koma í heimsókn

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Verslanir
Ævintýraland

Mán. til mið.
10.00 til 18.30
14.00 til 18.30

Fimmtudagur
10.00 til 21.00
14.00 til 19.00

Föstudagur
10.00 til 19.00
14.00 til 19.00

Laugardagur
10.00 til 18.00
11.00 til 18.00

Sunnudagur
13.00 til 17.00
13.00 til 17.00

Veitingastaðir og Kringlubíó
hafa opið lengur á kvöldin

www.kringlan.is | upplýsingasími 588 7788 | skrifstofa 568 9200



brennslan mín ...

Helgi Már Bjarnason

Partídiskur til heimahlustunar

Helgi Már Bjarnason er annar umsjónarmanna dansþáttar þjóðarinnar, Party Zone, sem er á Rás 2 á laugardagskvöldum en þátturinn er búinn að vera flaggskip dans- og plötusnúðarmenningarinnar í útvarpi síðastliðin 15 ár. „Ég ákvað að brenna svona heimahlustunar-partí-disk með „edgy“ yfirbragði. Lokahnykkurinn á disknum er síðan klúbbavænn þannig að það er vel hægt að dansa heima í stofu,“ segir Helgi og bætir við að árið 2005 hafi verið mjög gott í danstónlistinni. „Allt virðist vera leyfilegt í henni núna. Hún hefur verið uppfull af indie og rokkáhrifum ásamt því að menn hafa greinilega verið að dusta rykið af gömlum analog surg hljóðum og hljómborðum. Það er allavega gaman að vera til í danssenunni núna,“ segir Helgi að lokum og hlær.

TRACK 1 GOLDFRAPP – NUMBER ONE
Eitt svalasta bandið í dag, þriðja platan þeirra kom út í sumar og er búin að vera í spilaranum síðan. Ef það á að lýsa tónlistinni þeirra með einu orði þá er það... Electroglam.

TRACK 2 MUNK – KICK OUT THE CHAIRS (WHOMADEWHO REMIX)
Algert partí, söngvari LCD Soundsystem er hér upp á sitt besta. Textinn á afarvel við á kaffihúsum bæjarins, þegar snúðurinn tekur völdin. Fæ ekki leið á því.

TRACK 3 MARCO DOS SANTOS – NOT ON THE GUESTLIST
Skemmtilega arrogant og svalt lag. Kemur fólk í töfrafagrinna.

TRACK 4 TIEFSCHWARZ – WARNING SIREN
Besta DJ sett sem flutt var á skemmtistað á árinu var með þessu þýska dúói. Þeir spiluðu ásamt GusGus á Nasa í janúar. Urgandi skemmtilegt.

TRACK 5 M.I.A. – BUCKY DONE GUN
Tamilá elektró frá gettóhverfum Lundúnaborgar. Óborganlega naív stelpa ættuð frá Srí Lanka, svo skemmtilega viss um eigið ágæti þó svo hún að rappi á óskiljanlegri ensku.

TRACK 6 THE KILLERS – MR BRIGHTSIDE (THIN WHITE DUKE MIX)
Þetta remix frá Thin White Duke er algerlega frábært, tryllir liðið. Þetta lag verður án efa ofarlega á mínum árslista sem ég fer nú að setja niður á blað á næstunni.

TRACK 7 SILICONE SOUL – RIGHT ON, RIGHT ON
Þetta b-hliðar lag frá Skotunum í Silicone Soul var á árslista þáttarinnar árið 2001. Ég einhverra hluta vegna tók aftur ástfóstri við þetta lag nú um daginn, alger klassik.

TRACK 8 JEROME SYDENHAM & DENNES FERRER – SANDCASTLES (REMIXIN)
Það eru ekki mörg lög sem ná að verða „anthem“ á góðu klúbbnum í Suður-Evrópu tvö ár í röð. Þetta lag er búíð að koma út í all nokkrum útgáfum síðan í febrúar í fyrra.

TRACK 9 RÖYSKOPP – WHAT ELSE IS THERE? (TRENTEMÖLLER REMIX)
Fín plata frá frá Norðmönnum, enn betra remix. Þetta lag var á toppnum hjá okkur nú í október. Frábært remix frá Dönunum í Trentemöller plötusnúðadúóinu.

TRACK 10 HÓLMAR FLÍPSSON OG ÞÓRHALLUR SKÚLASON – EVERYBODY
Búið að gera allt vitlaust á Kaffibarnum allt þetta ár, gengur líka undir nafninu „Rækjusal-ac“. Frábært gripandi lag frá þeim félögum og margumbeðið í þættinum enda illfánlegt.

» birta mælir með...

... FULLKOMNU BRÚÐKAUPI
Leikfélag Akureyrar sýnir nú farsann Fullkomið brúðkaup. Þar tekst nokkrum frábærum leikurum undir stjórn leikhússtjórans Magnúsar Geirs að halda fullkominni spennu og fjöri frá upphafi til enda í ægilegum farsa – og kitla hláturtaugar áhorfenda hressilega.



...PLÖTUNNI MY DELUSIONS MED AMPOP!
Fyrir utan það hvað titillagið er frábær tónsmíð er yfir plötunni allri einhver lágstemmd angurværð sem á einstaklega vel við skammdegið, en örugglega ekki síður á björtum sumarnóttum. Hljóðfæraleikurinn er allur til fyrirmyndar og greinilegt að þessi hljómsveit á fulla innstæðu fyrir velgengni sinni, bæði hér – og erlendis.

HÁDEGISVERÐI Í OSTABÚÐINI
Ostabúðin á Skólavörðustíg er sælkeraverslun með ostaborð, forrétti, álegg, all kyns pasta, olíur og edik. Fáir vita að í þessari sælkeraverslun eru í boði léttir hádegisréttir alla virka daga: fiskur dagsins, fiskisúpa og gómsætar samlokur. Ostabúðin er án nokkurs vafa eitt best geymda leyndarmál í veitingahúsaflóru bæjarins og býður upp á sælkerá fiskrétt í hverju hádegi. Sá sem þangað ratar í hádegi kveður saddur og sæll.



NÝTT

Vodafone Simply

Vodafone Simply síminn er nú að koma í verslanir. Nýi síminn hefur ákveðið afturhvarf til fortíðar þar sem búíð er að berstrípa símann af flestum þeim tækninýjungum sem eru í sínum í dag. Vodafone Simply símarnir eru sérstaklega hannaðir fyrir þá sem vilja einfalda síma sem einskorðast að mestu leyti við tal og sms-notkun. Þessi nýja hönnun frá Og Vodafone hefur einfaldleikann að leiðarljósi. Skjábörð símans er á íslensku og hefur síminn einfalt leiðakerfi. Í öllum valmyndum Simply símans getur notandinn ýtt á ráð sem er leiðbeinandi. Og Vodafone lét hana tvennskona simtæki en báðir símarnir eru með stóra og læsilega skjái og aðgengilegt hnappaborð. Á hnappaborðinu eru þrjár höfuðhnappar sem vísa notandanum á upphafsskjá, í tengiliðaskrána og í símtöl og sms. Á hlið simtækjanna eru hnappar til að stilla eða velja hringingu og til að opna og læsa honum. Um leið og notandi missir af símtali eða móttækur sms blikkar ljós á símanum sem lætur notandann vita og auðvelt fyrir hann að leyfa símanum að leiðbeina sér í gegnum þær aðgerðir sem eru fyrir hendi. Kærkomin nýjung fyrir símnötendur.





Af hverju keyrði ég ekki bara Sæbrautina heim?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Staðreyndin er því miður sú að maður er hvergi 100% öruggur í umferðinni.

Það er nógu erfitt að vera valdur að tjóni þó að ekki komi til mikill kostnaður að auki.

Þess vegna er skynsamlegt að vera við öllu búinn og tryggja bílinn rétt.

Kaskótrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir:


- // Tjón á bílnum þínum vegna áreksturs við aðra bifreið eða kyrrstæðan hlut, veltu, útafaksturs, bruna, grjóthruns, snjóflóðs, skriðufalls og aur- og vatnsflóðs færðu bætt.
- // Tjón vegna þjófnaðar, innbrots, skemmdarverka eða skemmdra rúða færðu bætt.
- // Hún greiðir bílaleigubíl í allt að 5 daga verði billinn þinn óókufær eftir tjón.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir ekki:

- // Ef um vítavert gáleysi eða ásetning, s.s. ölvun við akstur eða lyfjanotkun er að ræða bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Ef hjólabúnaður eða undirgrind skaðast í akstri bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Kaskótryggingin bætir ekki tjón vegna þjófnaðar eða skemmda á aukabúnaði, t.d. hjólkoppum og aukaljósabúnaði.

Kaskótrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



Texti: HILDUR HAFSTEIN Myndir: STEFÁN



Dansgjörningur braut upp tískusýninguna. Dansararnir bera skartgripa Guðbjargar, eins og fyrirsætunar í sýningunni.



Ásta Guðmundsdóttir, Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir og Ragna Fróða ánægðar að sýningu lokinni.

Töff og tælandi tískusýning á Borginni

Í tilefni hönnunardaga í Reykjavík tóku þrír blómlegir hönnuðir sig til og sýndu afrakstur vinnu sinnar undanfarna mánuði á löngum svörtum sýningarpalli í Gyllta sal Hótel Borgar.

Þessar þrjár kjarnakonur eru þær Ragna Fróða og Ásta Guðmundsdóttir fatahönnuðir og Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður. Það var vel tekið á móti gestum með freyðandi veigum og mjúkri músík og Brynhildur Guðjónsdóttir gekk hrikalega sæt á sviðið í grænum norðurljósakjól frá Ástu, kynnti hönnuðina til leiks og bað áhorfendur að njóta vel. Sem vel flestir gerðu enda var sýningin afar vel úr garði gerð, flott músík, módel og föt.

Creative Clothes Ástu voru fyrst á sviði, sætar ungmódelmeyjar báru flíkurnar íklæddar ullarsokkum yfir háu hælana sem var flott. Litirnir voru svart, hvítt og rautt. Náttúran er Ástu greinilega hugleikin og formin, efnin og frágangurinn sýndu það glögg, falletgar og mjúkar flíkur. Módelin báru

skartið hennar Guðbjargar út í gegnum sýninguna. Það var gullfallett nú sem endranær.

Til að greina á milli Ástu og Rögnu stigu dansdísirnar Emilía og Unnur Elísabet á sviðið og frömdu einskonar dansgjörning skreyttar Aurum skartgripum sem var skemmtilegt uppbrót á uppákomunni og stelpurnar rosa kúl og kattliðugar.

Loks kom að Path of Love línunni hennar Rögnu sem var litrík, glansandi og glaðleg. Blússurnar voru gasalega girnilegar og nýju mynstrin flott, það stírindi á Unni Valdísi fyrirsætu í gula og svarta dressinu og María Pálsdóttir leikkona náði öllum með sér.

Stjörnuþemað var vel viðeigandi og í heild sinni var þetta flott, fágað og frábært framtak.

Meira á næstu opnu »



Nýjar vörur vikulega

DOROTHY PERKINS

Smáralind | S.522 8380

DOROTHY PERKINS vörur fást einnig í Hagkaup Smáralind og Kringlu



Litrík, glansandi og glaðleg fót frá Rögnu Fróða.



Svartur, hvítur og rauður voru áberandi litir í flíkum Ástu sem voru bæði einfaldar og glæsilegar í senn.

ILSE JACOBSEN • Hornbæk



Komdu í Garðabæ og sjáðu hvers vegna Ilse Jacobsen

• Hornbæk er orðin ein umtalaðasta skó- og kvenfataverslun á höfuðborgarsvæðinu. Skórnir og fötin frá Ilse Jacobsen vekja verðskuldaða athygli og það sama gildir um fatnaðinn frá Baum und Pferdgarten, Naja Lauf, Heart Made og Kathleen Madden.

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi • Garðabæ • sími 517 4806



Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Myndir: ÞJETUR

Gaf hjartað sitt í plötuna

» Aðalheiður Ólafsdóttir eða Heiða eins og flestir þekkja hana gaf út fyrir stuttu sína fyrstu breiðskífu. Gripurinn ber nafnið Hluti af mér og þar bætist hún í stóran hóp söngvara sem gefið hafa út plötu eftir þátttöku í Idol-stjörnuleit. Á plötunni er helmingur tókulög og hinn helmingurinn er ný frumsamin íslensk lög. Heiða segist hafa reynt að gera plötuna með sínu nefi og ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að hún er ekki karókisöngvari.

HVER ER FORSAGA AÐALHEIÐAR ÓLAFSDÓTTUR?

Ég fæddist á Hólmavík á Ströndum árið 1981. Mamma komst ekki til Reykjavíkur og því fæddist ég á ellheimilínu þar. Þegar ég fæddist var spákona þar og það fyrsta sem hún sagði var að ég yrði söngkona. Ég ólst síðan þar upp og flutti svo til Reykjavíkur þegar ég var komin á menntaskólaaldur. Þar hóf ég nám í Verzló og hef búið hér á höfuðborgarsvæðinu síðan.

HVAÐ GAF ÞÁTTTAKAN Í IDOLINU ÞÉR?

Hún gaf mér mjög mikið, reynslu og frábæra vini aðallega. Hún gaf mér líka það að núna í dag er ég að gefa út mína fyrstu sóloplötu og er með plötusamning við Senu, stærsta plötuútgefenda landsins. Þessi reynsla gaf mér í raun allt það sem er að gerast hjá mér í dag og því má segja að hún hafi gefið mér nýtt líf. Annars hefur þessi Idol-stimpill hefur ekkert truflað mig persónulega. Það er samt eflaust einhvers staðar þar sem maður mætir fordómum vegna þess. Það er þá bara fyrir mig að reyna að afsanna það að ég sé ekki einhver Elvis-eftirherma á karóíkíbar.

ER ERFITT FYRIR NÝLIÐA Í TÓNLIST AÐ GEFA ÚT PLÖTU MEÐ EIN-UNGIS NÝJU OG FRUMSÖMDU EFNI?

Já, ég held að það sé kannski auðveldara fyrir nýliða að vera með einhver tókulög. Sumt fólk líkar betur við að heyra eitthvað sem það þekkir fyrst. Helsta ástæðan fyrir tókulögnum á plötunni minni er hins vegar sú að mig langaði mjög mikið til þess að syngja þessi lög. Ég reyni bara

að gera þetta með mínu nefi, lét meðal annars íslenska alla texta og svona en jafnframt fannst mér æðislegt að fá að vera með ný íslensk lög.

HVAÐ ER ÞAÐ HELSTA SEM GEFUR ÞINNI PLÖTU SÉRSTÖÐU?

Það er kannski erfitt fyrir mig að svara þessu. Mér finnst bara svo mikilvægt að það sem listamaður geri komi beint frá hjartanu og mitt hjarta er algjörlega í þessari plötu. Ég vona að það skili sér þegar fólk hlustar á sönginn. Því ég er í raun bara söngkona á þessari plötu, ég er að túlka og syngja fyrir fólk. Þannig að kannski eru lögin ekki aðalatriðið heldur frekar mín túlkun og minn söngur.

HVERNIG VONAR ÞÚ AÐ TÓNLISTARFERILL ÞINN ÞRÓIST?

Auðvitað vonast ég eftir því að geta verið tónlistarkona og það hefur gengið rosalega vel en maður veit svo ekkert hvað verður. Ég mundi jafnvel vilja prufa að gefa út einhver lög eftir mig og kannski æfa mig á einhverju hljóðfæri. Vonandi næ ég að koma upp mínu eigin bandi líka en reyndar hef ég áður verið í hljómsveit. Þannig að ég þekki þetta bílskúrshark.

EN HVERNIG SÉR AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR FRAMTÍÐINA FYRIR SÉR?

Mér finnst allt svo skemmtilegt, hjart og jákvætt núna þannig að ég sé bara eintómar rósir framundan, engar dimmar rósir. Þó ég sé rosalega dramatísk bæði í söng og lífi þá er ég líka voða jákvæð og bjartsýn manneskja þannig að ég held að það séu mjög bjartir og góðir tímar framundan.

**GJAFABRÉF
ICELAND EXPRESS
19.900 kr.**



GJÖF FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ FERÐAST

- » Hættu að hafa áhyggjur! Þú leysir jólagjafavandann best með því að gefa gjafabréf frá Iceland Express. Bréfið kostar aðeins 19.900 krónur og innifaldar eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til hvaða áfangastaðar sem Iceland Express flýgur til. Gefðu elskunni þinni, foreldrum, krökkunum eða starfsfólkinu draumaferðina um jólin og þú getur verið viss um að gjöfin hittir í mark.
- » Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006.* Í boði eru spennandi flugferðir til Kaupmannahafnar, London, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Stokkhólms, Berlínar og Alicante.

*Takmarkað sætaframboð



Sjón:

» Einni sögu ríkari

„Það er alltaf erfitt að skrifa og það er erfitt að vera rithöfundur vegna þess að maður er í rauninni alltaf að vinna í fagi þar sem manni mistekst jafn mikið og manni tekst.“

Sjón er enginn nýgræðingur í íslensku menningarlífi. Hann sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók aðeins 15 ára gamall og hefur síðan þá látið að sér kveða á ýmsum sviðum. Hann var meðlimur í Medúsuþópnum á framhaldsskólaárunum ásamt ýmsum listamönnum sem seinna áttu eftir að ná langt. Upp úr því samstarfi spruttu Sylurmolarnir og síðar varð Smekkleysa til undir einkunnarorðunum Heimsyfirráð eða dauði. Um að gera að setja sér nógu háleit markmið og í rauninni átti enginn von á því að einn daginn yrði einhver úr þópnum í alvörunni heimsfrægur. En það gerðist nú samt. Björk hefur fyrir löngu náð heimsyfirráðum. Skyldi Sjón verða næstur?

„*Godin hafa aldrei farið neitt. Seifur gerði vart við sig í Pakistan um daginn og hristi þar jörð þannig að tugir þúsunda féllu. Pósedon, sjávargudinn, stóð fyrir flóðbylgjunni í Asíu og Pan, guð æðisins, gerði vart við sig í New York þann 11. september.*“



ÞÝÐINGARMIKIL VIÐURKENNING

Sjón, eða Sigurjón B. Sigurðsson, eins og hann heitir réttu nafni, hlaut á dögunum bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir bók sína Skugga-Baldur. Bókin hefur verið gefin út á fjölda tungumála og nýjasta bók skáldsins, Argóarflísinn, er væntanleg í bókabúðir víða um heim. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Sjón vekur athygli á alþjóðavettvangi. Hann samdi texta við tónlist Bjarkar í mynd Lars Von Triers, *Dancer in the Dark*, og var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir þátt sinn í því. Velgengnin virðist samt ekki hafa stigið honum til höfuðs. Hann segist alls ekki taka sjálfan sig of alvarlega. Gerir bara það sem hann langar til og trúir á það sem hann tekur sér fyrir hendur. Kannski er það galdurinn.

Ég hitti skáldið á Hótel Borg. Hann tekur ofan, pantar sér te og að sjálfsgöðu beinist spjallið að verðlaununum og þýðingu þeirra.

„Það er náttúrlega fyrst og fremst mikill heiður að fá verðlaun af þessu tagi. Þetta eru stærstu bókmenntaverðlaun á Norðurlöndum og maður finnur að víða er borin mikil virðing fyrir þeim. Það hefur þau áhrif að fleiri veita bókinni athygli og það er nokkuð sem skiptir gríðarlegu máli fyrir höfunda á þessu litla málsvæði,“ segir hann. „Fyrir mig, sem er búinn að vera skrifandi í öll þessi ár, er þetta líka ákveðin viðurkenning á því að öll sú vinna hafi verið þess virði. Það er alltaf erfitt að skrifa og það er erfitt að vera rithöfundur vegna þess að maður er í rauninni alltaf að vinna í fagi þar sem manni mistekst jafn mikið og manni tekst. Um leið og maður fær bók úr prentun þá sér maður eitthvað sem hefði mátt fara betur. Eina leiðin til að bjarga því er að reyna að gera betur næst,“ segir Sjón og viðurkennir að hann hafi í rauninni aldrei átt von á því að Skugga-Baldur næði út fyrir landsteinana. „Þetta er mjög íslensk bók. Ég var afar ánægður með það hve vel henni var tekið þegar hún kom út og bjóst svo sem ekki við neinu meiru. Ætlaði bara að vinna mér beint í næstu bók og sjá til hvort það yrði kannski eitthvað sem hægt væri að bjóða heiminum upp á. Maður veit aldrei hvað gerist og það er mjög spennandi að fylgjast með því hvernig bækur ferðast um heiminn.“

ARGÓARFLÍSINN

Nýjasta bók Sjóns, Argóarflísinn, kom út hjá Bjarti sama dag og hann veitti verðlaununum viðtöku. Bókin er hluti af verkefni sem fór af stað hjá skosku bókaforlagi og gengur út á það að fá samtímahöfunda víða um heim til þess að skrifa sögur sem byggja á goðsögu. Saga Sjóns fjallar um Valdimar Helgason

sem ferðast með skipi til Suður-Evrópu en situr mestan tímann fastur um borð í skipinu í norskum firði. Hugmyndina að sjóferð Valdimars sækir Sjón í ferðasögu langaafa síns og inn í frásögnina fléttast goðsögnin um Jason og gullna reifið.

„Ég hafði alltaf ætlað mér að vinna eitthvað úr þessari frásögn langafa míns og hafði gengið með hugmyndina lengi. Mér þótti sagan spennandi og þá kannski sérstaklega þessa hluti þar sem þeir eru fastir við strendur Noregs. Þetta er svona ferðalag þar sem þú ferð í rauninni ekki neitt. Ég var kominn af stað með söguna þegar Snæbjörn hjá Bjarti hafði samband við mig til að athuga hvort ég væri með eitthvað sem gæti tengst þessari goðsagnahugmynd. Þá hafði ég einmitt verið að leita að nýjum þætti til að flétta inn í söguna og var að lesa æviminningar farmanna. Þetta small einhvernvegin allt saman. Ég fór að grúska í goðsögnum og fann þá söguna af Jason og gullna reyfinu. Í þeirri sögu er þáttur þar sem ferðalangarnir sitja fastir á kvennaeyjunni Lemney og

„Ég fann að það var mikil pressa á mig að koma með eitthvað almennilegt svo að bæði ég og aðrir fengju ekki á tilfinninguna að þetta hefði verið eitthvert einstakt tilfelli. Að maður hefði slyst til þess að skrifa eina góða bók og síðan kannski aldrei meir.“

þegar ég áttaði mig á því vissi ég að ég væri kominn með það sem vantaði.“

ÞJÓÐSÖGUR OG GOÐSAGNIR

Í Skugga-Baldri leikur Sjón sér með þjóðsagnaformið en í Argóarflísinni er goðsagan í brennidepli. „Ég hef alltaf haft gaman af því hvað maðurinn hefur verið uppáfinningasamur í aðferðum sínum við að útskýra sig og tilveruna sína. Gríska goðsögurnar, sem eru undirstaða vestrænnar menningar, eru tilraun til að staðsetja manninn í alheiminum. Á valdi hvaða afla er hann? Hann hefur

sjálfstæðan vilja en á sama tíma er hann algjörlega á valdi guðanna. Og þessi goð, þessi reginöfl, þau hafa aldrei farið neitt. Seifur gerði vart við sig í Pakistan um daginn og hristi þar jörð þannig að tugir þúsunda féllu. Þósedon, sjávarguðinn, stóð fyrir flóðbylgjunni í Asíu og Pan, guð æðisins, gerði vart við sig í New York þann 11. september. Þessi stóru öfl sem við skiljum ekki en höldum að við höfum beislað eru enn til staðar og við höfum í raun ekki nokkurt vald yfir þeim. Íslensku þjóðsögurnar eru af svipuðum meidi. Þær eru tilraun fólksins í þessu harðbyla landi til að staðsetja sig gagnvart veruleikanum. Þess vegna verða til sögur af álfum, tröllum, skrímslum og ýmsum vættum,“ segir Sjón og viðurkennir að hann sé mikill grúskari. „Ég hef alltaf lesið mikið og þegar ég skrifa víða ég að mér miklu efni. Hangi á bókasöfnum og fornbókasölum og safna í sarpinn. Þetta er ákveðin vinnuáferð hjá mér. Að gera mér erfitt fyrir með því að sankna að mér allt of

miklu efni,“ segir hann.

MIKIL GRÓSKA Í MENNINGARLÍFINU

Sjón fylgist vel með menningarlífinu. Hann hefur líka látið að sér kveða á ýmsum sviðum og auk þess að semja sögur og ljóð hefur hann fíktað við tónlist og myndlist. „Það er ofboðslega mikið að gerast í íslensku listalífi og það er gróska á öllum sviðum. Fólk er bara að gera nákvæmlega það sem það langar til og það virðist ekki skipta öllu máli hvort hlutirnir seljast eða ekki. Hver og einn fylgir bara sinni sérvitru rangeygðu heilladís. Það er líka einkennandi fyrir listalífidi hérna að allir eru að vinna í öllu. Víða erlendis þykir fólki til dæmis undarlegt að alvarlegur rithöfundur taki að sér að semja texta fyrir dægurlagasöngvara. Samstarf mitt við Björk hefur gert það að verkum að sumir halda að ég sé bara einhver poppari. Hér á Íslandi eru engin skil á milli hálistar og láglistar. Það er bara til góð list eða

slæm og það er alveg frábært. Það er gullöld í íslenskrri myndlist núna og unga fólkið er að vinna mikið með ljóðið, til dæmis Nýhil-hópurinn. Gróska í ljóðlistinni er yfirleitt ávisun á að eitthvað mikið sé í vændum því þá er fólk að vinna með tungumálið í sinni hreinustu mynd,“ segir Sjón og blaðamaður spyr hvort hann sé sjálfur hættur að yrkja ljóð. „Nei, það kemur eitt og eitt ljóð. Þau koma mjög sjaldan en gera þá vel vart við sig. Ég uppgötvaði ákveðna hluti í skáldsögunni þegar ég skrifaði Augu þín sáu mig og síðan þá hefur skáldsagan haft yfirhöndina. Þá uppgötvaði ég hvað skáldsagan er skemmtilegt form og hvað hún býður upp á mikla möguleika með öllum sínum persónum og sjónarhornum. Ég sagði einhvern tímann að munurinn á ljóði og skáldsögu væri eins og munurinn á kjarmorkusprengru og kjarmorkuveri. Ljóðið er sprengrjan. Atómið klofið og búmm. Skáldsagan er hins vegar orkuver. Geislavirk maskína sem þarf að halda gangandi með fólki og atburðum.“

„Við eigum að halda áfram að segja sögur og deila upplifunum hvor annars. Þannig munum við lifa af sem manneskjulegt samfélag.“



GILDI ÞESS AÐ SEGJA SÖGUR

Sjón virðist hafa góða stjórn á kjarmorkuverinu. Argóarflísir hefur fengið góða dóma og bókinn fellur vel í kramið hjá lesendum. „Það var feikilegur léttir. Ég fann að það var mikil pressa á mig að koma með eitthvað almennilegt svo að bæði ég og aðrir fengju ekki á tilfinninguna að þetta hefði verið eitthvert einstakt tilfelli. Að maður hefði slystast til þess að skrifa eina góða bók og síðan kannski aldrei meir.“

„Bókin á líka fullt erindi við nútímann og þótt goðsögurnar séu gamlar stendur boðskapur þeirra enn fyrir sínu. Valdimar er fullur af þjóðrembu og sannfærður um yfirburði hins norræna kynstofns. Hann vill bara borða fisk og lendir í útistöðum við fólk um borð í skipinu því þar er boðið upp á kjöt. Sagan er því ákveðið grín um kynþátta- og þjóðrembu. Ég stíllí upp manni sem lifir í afskaplega smáum heimi andspænis hinum stóra og frjósama heimi goðsagnarinnar,“ segir Sjón. „Annars fjallar bókin einna helst um gildi þess að segja sögu. Skila-boðin eru þau að við eigum að halda áfram að segja sögur og deila upplifunum hvor annars. Þannig munum við lifa af sem manneskjulegt samfélag,“ segir Sjón sem er hvergi nærri hættur að segja sögur. Hann er rétt að byrja.

Gjöf til framtíðar

Þeir sem stofna Framtíðarbók og leggja inn 5.000 kr. eða meira fá **2.500 kr. mótframlag** að gjöf frá KB banka.

- Hæstu vextir almennra innlánsreikninga bankans
- Hægt að stofna fyrir börn allt að 15 ára aldri
- Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur

www.kbbanki.is



Viðtal: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: GVA

Á Rótarfjallshnúk á Vatnajökli. Þar var settur upp endurvarpi 1992, eftir að beðið hafði verið færís í um það bil ár.

Alltaf á toppnum

Með útsjónarsemi og elju hefur Sigurður Harðarson rafeindavirki talstöðvarvætt landið og miðin með um 60 heimasmiðuðum endurvörpum sem hann hefur tyllt á hæstu fjöll. Búnaðurinn er sá eini sinnar tegundar í heiminum.

Sigurður býr í Kópavogi og er stöðvaður við vinnu í bíl sínum úti á hlaði og beðinn að lýsa aðeins þessum töfratækjum sem hann hefur verið að framleiða. Bíllinn er fullur af græjum og inni í honum er viðtalið tekið, enda hægt að kíkja þar á skjá og átta sig á hvernig endurvarparnir dreifast um landið. Þeir hafa verið settir upp fyrir tilstuðlan björgunarsveitanna, lögreglunnar, landhelgisgæslunnar og 4x4 ferðafélagsins. Auk þess hefur Sigurður sett upp sólardrifin tæki fyrir sjálfvirku tilkynningarskylduna á tveimur jökklum, Drangajökli og Vatnajökli.

SMÍÐAÐI FERÐAÚTVARP FJÓRTÁN ÁRA

Sigurður, eða Siggí Harðar, eins og hann er oftast nefndur, er uppalinn í Reykjavík. Hann kveðst hafa heillast af radiótækninni sem krakki og til dæmis smíðað sér ferðaútlarp á reiðhjólíð þegar hann var 14 ára. „Ég er búinn að vera félagi í flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík frá því ég var unglíngur og í svona björgunarsveitum er reynt að nýta þekkingu hvers og eins. Smíðirnir eru látnir smíða, bifvélavirkjarnir eru notaðir í viðgerðir og þar sem ég lærði rafeindavirkjun var ég settur í fjar-skriptabúnaðinn sem ég hef svo sérhæft mig í meira og meira.“

Fyrsta endurvarpann fyrir VHS kerfi kveðst Siggí hafa sett upp í Bláfjöllum í kringum 1980. Hann var innfluttur og kostaði þá hálf t bílverð auk þess sem hann tók heilmikið rafmagn. „Þá álpaði ég því út úr mér að það hlýti að vera hægt að smíða svona tæki á einfaldari hátt og upp úr því hófst tilraunastarfsemin,“ segir hann brosandí.

ALLTAF AÐ SLÁST VIÐ ORKUEYÐSLUNA

Svo það sé á hreinu þá hafa endurvarparnir hans Sigurðar mikið gildi sem öryggistæki. Þegar björgunarsveitarmenn eru við leitir í byggðum

og óbyggðum Íslands er þeim ómetanlegt að hafa talstöðvarsamband sín á milli. Talstöðvar fyrir göngumenn þurfa sjónlínusamband og því eru endurvarparnir hafðir uppi á háfjöllum þar sem flestir ná til þeirra en ógerningur hefur verið að fá slík tæki erlendis frá sem eru nógu ódýr og straumnett, eins og Siggí orðar það.

„Við þurfum bara mjög einföld tæki til að flytja tal en framleiðendur svona búnaðar erlendis eru allir að hugsa um að hafa hann



Siggí er með mikið af búnaði í bíl sínum.

Þú gætir unnið ferð frá VISA á vetrarólympíuleikana í Torino 2006



Verður þú fulltrúi VISA-korthafa á vetrarólympíuleikunum í Torino?

Hvern hefur ekki dreymt um að komast á Ólympíuleika? Nú gætir þú VISA-korthafi góður átt möguleika, því við munum draga út einn korthafa þann 1. desember n.k. og bjóða honum/henni ásamt ferðafélaga til Torino á Ítalíu þar sem 20. vetrarólympíuleikarnir verða haldnir í febrúar 2006. Þar verða vinningshafarnir gestir VISA í nokkra daga í góðu yfirlæti og fá tækifæri til að fylgjast með spennandi keppni og njóta Ólympíuandans.

➤ Hvað þarf að gera?

- **Skrá sig á póstlista VISA á www.visa.is/postlisti fyrir 1. desember.***
- Vera með gilt VISA-kreditkort.
- Nota VISA-kortið á tímabilinu 28. október – 30. nóvember. Því oftar sem kortið er notað, því meiri vinningslíkur.

Dregið verður 1. desember 2005.

10 aukavinningar:

25.000 kr. inneign fyrir skíðabúnaði hjá sportvöruversluninni Útilífi eða Skíðaþjónustunni á Akureyri.

*Þeir sem eru nú þegar skráðir með kennitölu sína eru með í leiknum svo framarlega sem VISA-kortið þeirra sé gilt. Þeir sem ekki hafa aðgang að heimasíðu VISA geta skráð nafn sitt og kennitölu hjá VISA í síma 525 2000.

Siggi var með í för þegar hæðarmæling fór fram á Hvannadalshnúk fyrr á þessu ári.



fjölhæfari. Þá er verið að eyða svo miklu rafmagni til einskis, miðað við okkar þarfir.“

- Notar búnaðurinn rafmagn þótt ekki sé verið að tala gegnum hann?

„Já, það er alltaf einhver hluti af honum lifandi því hann er tilbúinn að hlusta. Þegar einhver sendir skilaboð fer ákveðinn hluti af stað sem eyðir meira rafmagni en ég er alltaf að slást við að láta búnaðinn eyða sem minnstu í biðstöðu.“

Fyrsta endurvarpann sem Siggi smíðaði setti hann á Eyjafjallajökul árið 1986. Hann hefur reynt vel en síðan hefur orðið mikil þróun. „Sú geymahleðsla sem við fórum með á Eyjafjallajökul entist í sjö mánuði en eftir að sólarcellurnar komu til sögunnar þarf ekki að skipta um geyma á sendunum nema á átta til tíu ára fresti,“ segir hann og bætir því við að Ísland sé eina landið í heiminum sem sé með svona stórt kerfi eingöngu drifið af sólinni.

LANGUR DAGUR Í ÓVISSU

En skyldi Siggi ekki hafa komist í hann krappan einhvertíma í þessu fjallabrólti sínu?

„Ekki í beinan lífsháska en auðvitað hef ég oft lent í brasi, síðast



Einn sendirinn er á þjóðarfjallinu Herðubreið.

núna á föstudaginn fyrir viku. Þá var ég að fara með tæki fyrir 4X4 upp á Slórfell rétt við Möðrudal. Sendirinn nær yfir Möðurdalsöræfin, inn í Dreka og Kverkfjöll. Ég var í fylgd Vernharðs, bónda Vilhjálmssonar í Möðrudal og það var fyrir harðfylgi hans og kunnáttu að við komumst þarna upp í snjó og hálfku. Við vorum á tveimur bílum og drögum hvor annan til skiptis.“

Einu sinni kveðst Siggi hafa átt langan dag í óvissu á Snæfellsjökli er hann var að skipta þar um rafgeyma. „Jökullinn var krosssprunginn allt í kringum sendinn og ekki hægt að komast að honum nema úr lofti svo að Sif, þyrila Landhelgisgæslunnar, fór með mig,“ rifjar hann upp og heldur áfram. „Það var þokuslæðingur þegar við komum upp og mér var slakað niður á réttum stað ásamt öllu því sem ég þurfti. En þegar átti að sækja mig um tveimur tímum seinna þá fannst ég ekki vegna þoku. Ég varð að húka þarna í fimm tíma en þá rofaði til og ég var hífður um borð.“

VIÐ STÖRF Á GRÆNLANDSJÖKLI

Hæfni Siggga hefur spurst út fyrir landsteinana og hann hefur verið fenginn til starfa bæði í Norður-Noregi og á Grænlandi. Í síðarnefnda tilfallinu sá hann um fjarskiptasamband fyrir tilraunabúðir sem settar voru upp fyrir nýja bíla frá Volkswagen. „Kerfið náði neðan úr Straumsfirði og um 300 kílómetra inn á jökulinn. Þetta var fyrir þá sem voru að ferja vistir og annað á milli og var notað í nokkur ár, tvisvar á ári meðan prófanir á bílum stóðu yfir,“ lýsir tæknimaðurinn.

Spurður hvort hann telji sig búinn að bjarga mannlífum með sínu starfi svarar Siggi: „Ég þori ekki að fullyrða það. Talstöðvarkerfið er til að auðvelda samskipti í leitum en auk þess erum við með 14 neyðarsenda inn á kerfinu sem ég smíðaði og ég veit um fjögur tilfelli þar sem þeir björguðu ferðafólki á síðasta ári. Þeir sendar eru í fjallaskálum og eyða engu rafmagni þegar þeir eru ekki í notkun. Menn kveikja á þeim þegar þeir koma á staðinn. Sendarnir eru í gangi í hálf tíma, bæði er hægt að tala í gegnum þá og hlusta og skilaboð frá þeim fara inn á neyðarlínur.“

Þótt Siggi sé enn á besta aldri er hann að lokum spurður hvort hann hafi ekki kennt einhverjum þessi talstöðvarfræði sem hann hefur tileinkað sér, einn allra í heiminum. „Ég hef verið með nema en þeir hafa ekki sérhæft sig í því sem ég er að gera. Hinsvegar hef ég teiknað allt upp sem ég hef gert og myndað,“ segir Siggi og býr sig nú undir að festa nettan endurvarpa á Hjörleifshöfða í næstu viku.



Leðurjakkar verð kr. 9990
Mörg snið margir litir



Laugavegi 54,
sími 552 5201



Heimagallar
verð 6990.-

CHANGE®

SMÁRALIND
Sími 517 7007



**Förðun við öll tækifæri
og ýmis námskeið**

Full búð af Madina snyrtivörum

Erum flutt á Laugaveg 30a

MADINA

MILANO / REYKJAVÍK

Laugaveg 30a Sími 5344100

Sætir brauðréttir

sem gleðja sálina snemma dags

Umsjón Halla Bára Gestsdóttir
Myndir Gunnar Sverrisson
ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs

HJARTA MEÐ FERSKUM BERJUM

Það er ekki slæmt að byrja daginn á morgunverði sem þessum. Hér er hægt að gera mynstur í vöflunum svo þær verða enn sætari til að bera fram sem rómantískan morgunverð.

2–4 amerískar vöflur, tilbúnar frystar í pakka
fersk ber að eigin vali
smjör
sýrður rjómi, þeyttur rjómi
pönnukökusýróp, maple-sýróp eða karamellusósa
flórsykur, kanilsykur

Ristið vöflurnar í brauðrist. Stingið út í þær hjarta með piparkökumóti. Smyrjið þær heitar með smjöri. Dreifið berjum yfir. Setjið smá sýrðan rjóma eða rjóma með, sýróp yfir eða annað sem nefnt er að ofan, síðan flór- eða kanilsykur.



AMERÍSK VAFFLA MEÐ ÖLLU

Hér er ekki um að ræða megrunarfæði en gott er það sem síðbúinn morgunmatur eða hádegismatur í fyrra fallinu.

2–4 amerískar vöflur, tilbúnar frystar í pakka
smjör
6 sneiðar beikon
2 egg
pönnukökusýróp

Steikið beikonnið á pönnu eða grillið í ofni. Hrærið eggjum og steikið á pönnu. Ristið vöflurnar í brauðrist, smyrjið með smjöri. Leggið beikonnið á vöfluna, eggjum fara yfir og endið með slettu af sýrópi.

Allar uppskriftir eru fyrir tvo.

Hátíðarkaffi



Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum. Kaffihugafólk ætti ekki að láta þetta kaffi fram hjá sér fara.

Kaffihús:
Laugavegi 24
Smáralind

Verslanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurverí



TE & KAFFI

Grim's Heilsubuff

Gulrótar- og
linsubaunabuff

Ítalskt
linsubaunabuff

Hvítlauks- og
hvítbaunabuff

- Matur er
mannsins
megin



Glæsileg jólaveisla

Skandinavískar kræsingar með
tónum frá Miðjarðarhafinu.
Jólaveislan á Salt stendur frá 18. nóv.
fram á Þorláksmessu.

Tilboð á eðalvínunum.

Verð um helgar 5.700 kr.

Verð á virkum dögum 5.200 kr.

Lifandi tónlist um helgar.

**Salt Lounge Bar & Restaurant, Pósthússtræti 2,
101 Reykjavík. Borðapantanir í síma 599 1020.
Eldhúsið er opið frá kl. 12 til 14.30 og 18 til 23.**

salt
LOUNGE BAR & RESTAURANT

Allar uppskriftir eru fyrir tvo.

„FRENCH TOAST“ MEÐ BANANA OG BLÁBERJUM

Ótrúlega gott sem morgunmatur um helgar með ferskum ávaxtasafa. Maður hlakkar til alla vikuna.

1 egg
1 dl mjólk
1 tsk. hunang
4 franskbrauðsneiðar eða annað brauð að vild
smjör
banani, sneiddur
bláber

Smyrjið brauðsneiðarnar á báðum hliðum. Hrærið saman eggj, mjólk og hunangi í djúpum disk. Raðið bananasneiðum á tvær brauðsneiðar, berjum yfir, lokið samlokunni. Leggið í eggja-blönduna og þrýstið samlokunni aðeins niður svo brauðið sjúgi í sig vökvann. Gerið slíkt báðum megin. Steikið á miðlungsheitri teflon-pönnu í smá smjöri þar til brauðið fær á sig gullinn blæ.



BRAUÐBÚÐINGUR

Þessi gengur sem eftirréttur í hádegisverðarboðið og í girnilegan kaffitíma. Fljótlegt að skella í form og inn í ofn.

30 g rúsínur
1 msk. romm, má sleppa
smjör
4 þykkar hvítar brauðsneiðar
1 egg
1 msk. flórsykur
1 dl mjólk
1 dl rjómi
1/4 tsk. vanilludropar
kanill á hnífsoddi
grófur sykur

Ef þið kjósið að láta rúsínurnar liggja í rommi þá byrjið á því meðan búðingurinn er undirbúinn. Smyrjið brauðsneiðarnar báðum megin með smjöri og skerjið í fjóra bita. Leggið í ofnfast mót. Sáldrið rúsínum yfir. Hrærið saman eggj, mjólk, rjóma, vanilludropa og kanil. Hellið eggja-blöndunni yfir brauðið. Stráðið nokkrum kornum af grófum sykri yfir. Setjið í 180 gráðu heitan ofn og bakið þar til búðingurinn fær á sig gullna áferð, um 20 mín.



Ekkert samviskubit um jólin!

Leitaðu eftir Cremefine-vörunum ef þú vilt spara hitaeningar í jólamatargerð og bakstri. Þú getur notað Cremefine til þeytingar eins og venjulegan rjóma, og hann fæst bæði hreinn og með vanillu. Cremefine *Vanilla* er gómsætur með kökum og ís og hentar auk þess frábærlega til ísgerðar eða óþeyttur út á berin. Í heitu sósumnar notarðu Cremefine *til madlavning* og í þær köldu er prýðilegt að nota Cremefine *Fraiche*.



FLICOR/SIA F1015276

Aðeins
15–20%
jurtafitu!

MED JURTAFITU
Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

Bollinger:

Kampavín mánaðarins í Grillinu

Veitingastaðurinn Grillið á efstu hæð Radisson SAS Hótel Sögu hefur valið Bollinger kampavín mánaðarins í desember annað árið í röð. Það er engin tilviljun að Sævar Már Sveinsson veitingarstjóri og einn af okkar bestu vínþjónum velur Bollinger í þessum mikilvæga mánuði. Gæði og fágun Bollinger kampavínsins smellpassa einfaldlega inn í þann metnað og fullkomnun sem ræður ríkjum á Grillinu, þar sem aðeins það besta er nógu gott fyrir gestina. Sagt er að Bollinger sé stíllinn holdi klæddur. Það er alveg öruggt að Bollinger höfðar til allra sem eru miklir vinnendur, vegna einstakra eiginleika þessa fágaða kampavíns. Árið 1829 stofnaði Jacques Bollinger kampavínshúsið ásamt félaganum Athanase de Villermont. Fjölskyldan á og rekur ennþá fyrirtækið og heldur fast í hefðirnar með því að framleiða eingöngu gæðakampavín. Gaman er að geta þess að Bollinger hefur í áráraðir verið eftirlætis kampavín James Bond enda er hann smekkmaður mikill hvað varðar kvenfólk, bíla og kampavín!



Enn eitt árið hafa matreiðslumeistarar Grillsins farið fram úr sjálfum sér og sett saman glæsilegan jólamatseðil sem verður á boðstólunum frá 1. desember.

- Hægbakaður kóngakrabbi með aspas og kryddjurtasalati
- Sandhverfa með steinseljumauki
- Strútur með glöggsósu
- Heit súkkulaðisúpa með kanílís
- Hnetu- og ástríðuávxatamús með mandarín-ískrapi

Verð á þessum glæsilega seðli er einungis 7.500 kr.

Að viðbættum 3.900 kr. er hægt að fá vín með sem eru sérvalin af Sævari Má veitingarstjóra og henta hverjum rétti fyrir sig.





frá 1.695.000 kr.

ASTRA



Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2, sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

Filipp/SIA F1014471



Þórhildur elín elínardóttir
með barn undir belti

Góð móðir

Það virðist vera alveg sama hversu hrikalega þroskuð ég þykist orðin og stundum jafnvel hafa höndlað sannleika tilverunnar. Alltaf lemur lífið því í hausinn á mér aftur að fátt hefur breyst í árunna rás. Ég er alveg jafn veiklunduð og áhrifagjörn og fyrsta daginn. Þótt mér hafi tekist að ávinna mér pínulítið kæruleysi gagnvart kröfum samtímans til kvenna um fullkomleika á flestum sviðum þá er ennþá auðveldasti hlutur í heimi að kveikja á samviskubitinu hvað varðar frammistöðuna sem móður.

Þannig spila dætur mínar á mig eins og hamónikku og þurfa ekki mikla viðleitni til að fá góða svörun. Sú eldri setur upp þrautæfðan mæðusvip þegar ég hef rexað aðeins of mikið yfir umgengni hennar um herbergið sitt svo ég guggna á öllu saman, fæ dúndrandi mórál yfir að vera svona mikill tuðari og tek til sjálf þegar hún er farin í skólann. Hin yngri, tæplega þriggja ára, er ennþá beinskeytt í sínum aðferðum. Þegar búíð er að fara í gegnum formfast kvöldprógrammið; bað, bók, söng og bænir og hún á að fara að sofa byrjar uppreisnin. Þarf að pissa, vill vatn, meiri mat, fá að sofa í nýju jólaslónum. Eftir langa stund af svipuðum kröfugerðum er þolinmæði móðurinnar á þrotum og barninu er tilkynnt strengilega að nú sé nóg komið, nú eigi hún vesgú að sofna. Þá heyrir innan úr svefnherbergi mjóróma sjálfsvorkunnarsöngur með grátstafinn í kverkunum: „Ég ligg hérna ein í myrkrinu...ég á engan vin...“ Eftir slíka tónleika geri ég hvað sem er til að létta blessuðu barninu lífið. Linara foreldri er vandfundið og þá get ég líka haft samviskubit yfir því að vera ekki nógu staðföst.

Vegna þess að haustið hefur verið óvenju annasamt á heimilinu hef ég hins vegar alveg gleymt að hafa samviskubit vegna hinnar ófæddu dóttur. Vikurnar hafa flogið áfram og nú þegar barnsins er von á hverri stundu er undirbúningurinn vegna komu þess loksins að verða sómasamlegur. Þegar ég var búin að þvo, strauja og raða inn í nýja fataskápinn öllum dúllulegu barnafötunum og stóð og dáðist að eigin frammistöðu skall það á mér eins og köld vatnsgusa: Barnið á ekkert ullarteppi! Ég hef aldrei verið fræg fyrir áhuga á handavinnu en tókst þó í hin tvö skiptin að klóra saman þrjónateppi fyrir nýburann sem hægt var að vefja hlýlega utan um lítinn kroppinn.

Nú var úr vöndu að ráða. Ég reyndi fyrst að múta yngri stórusystur til að lána sitt teppi sem hún notar fyrir dúkkurnar sínar en hún harðneitaði. Einhver stakk upp á flisteppi úr búð og í örvæntingu minni fór ég að skoða úrvalið. Leið eins og landráðsmanneskju og hefði frekar keypt glerullarteppi en þetta gerfíðót. Það var ekki nema ein leið: Ég yrði að freista þess að hraðþrjóna hið mikilvæga ullarteppi og vona að barnið hinkraði dálítið með að koma í heiminn. Og þannig er staðan núna. Síharðnandi fyrirvarerkirir hóta því að breytast í alvöru hriðir hvenær sem er á meðan ég þrjóna í akkorði með kýttar axlir og sinarskeiðabólguna reyra inn í teygjubindi.



Handþvottur barna

Handþvottur skiptir miklu máli og litlar hendur þarf að þvo oft á dag þó að eigendur þeirra vilji gjarnan komast hjá því. Foreldrar verða að vera ákveðnir og kenna börnum sínum markvisst að handþvottur er mikilvægur.

- 1 Verið góðar fyrirmyndir og þvoið ykkur alltaf um hendurnar þegar þið hafið verið á klósettinu eða eruð að koma inn. Þvoið hendur barnsins líka við þessar aðstæður.
- 2 Talið um það þegar þið þvoið ykkur um hendurnar. Segið barninu að þið séuð að þvo burt bakteríur eða bendið því á að þið séuð með óhreinindi á höndunum og viljið þvo þau burt.
- 3 Bendið barninu á þegar annað fólk þvær sér um hendurnar. Læknar þvo sér til dæmis oft um hendurnar áður en þeir skoða börn. Útskýrið fyrir barninu að læknirinn sé að þvo bakteríur af höndunum á sér.
- 4 Komið upp ákveðnum handþvottarreglum. Þvoið ykkur alltaf um hendurnar áður en þið borðið. Reglufesta gerir það að verkum að barninu verður það eðlilegt að þvo sér alltaf um hendurnar við ákveðnar aðstæður.
- 5 Hafið stól eða skemil nálægt vaskinum svo að barnið eigi auðvelt með að ná upp í hann til þess að þvo sér.
- 6 Kennið barninu að þekkja muninn á heita og kalda krananum. Það skiptir miklu máli ef barnið þvær sér sjálft um hendurnar að það eigi ekki á hættu að brenna sig.
- 7 Kaupið flotta barnasápu sem barnið á út af fyrir sig.
- 8 Leyfið barninu að leika sér með dót í vaskinum og þykjast þvo það.
- 9 Lesið bækur um hreinlæti. Brýnið fyrir barninu hvað hreinlæti skiptir miklu máli.
- 10 Hrsíð barninu þegar það á frumkvæði að því að þvo sér um hendurnar. Fljótlega þurfið þið ekki lengur að minna það á handþvottinn.



RECARO

ÞÝSKIR HÁGÆÐA BARNABÍLSTÓLAR

Jólin eru byrjuð í frönskubúðinni



Full búð að nýjum jólavörum
DU ÞAR EIL *au même*
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



Gjafavara

LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 s 5516646
www.lauraashley.com



Kenndu mér að kyssa rétt

» Nokkrar aðferðir við að kyssa þannig að eftir sé tekið.

Nú fer sú árstíð í hönd að kossar verða mikilvægir við hin ýmsu tilefni. Mistilteinninn hefur borist til landsins og verður eflaust hangandi hér og þar um borg og bý til að freista fólks til kossa auk þess gleðskapur vina býður upp á kossa af öllum stærðum og gerðum. Ótaldir eru þá rómantísku kossarnir sem tilheyra hinni árlegu jólarómantík sem fólk getur átt með

maka sínum en þeir einhleypu kynnast einhverjum glænýjum, nú eða endurnýja ánægjuleg kynni við einhvern og kyssa hann/hana alla jólaföstuna og fram á þorran. Koss er ekki sama og koss og því er nauðsyn að temja sér ákveðna tækni ef ekki á að drepa um leið niður alla kossagleði.

anna í amman

anna tryggvadóttir skrifar frá jórdaníu



Í öruggum höndum hryðjuverkamanna

Síðan sprengjurnar sprungu í Amman um daginn hefur fátt verið á vörum fólks annað en öryggið. Engum Jórdana datt annað í hug en að landið væri fjarri teikniborði hryðjuverkamanna og allir voru sannfærðir um að hér væri að finna öryggið sem lönd heimsins hafa verið á höttunum eftir. Upp á síðkastið hefur fólk því verið að horfa á heiminn í framandi ljósi hryðjuverka og endurskilgreina hugtakið öryggi.

Þeir sem sögðu mér fyrir nokkrum vikum að Jórdanía væri öruggasta land í heimi eru nú í óða önn að leggja mér línurnar um hegðun í nýju umhverfi. „Ekki heimsækja hótél, verslunarmiðstöðvar eða bari sem selja áfengi,“ segja þau mér. „Fyrir utan þá staði er Jórdanía fullkomlega örugg.“ Ég hlýði bara mótmælalaust, lít eftir sprengjubeltum og samferðarfólki mínu og skipulegg ferðir mínar með tilliti til hryðjuverkaögnarinnar.

Ég hugsa mig þó tvisvar um þegar fólk ráðleggur mér að leitast við að fara á staði sem „aldrei myndu vera skotmörk hryðjuverkamanna“. Í þeim bransa gildir sú regla að eftir því sem fólk fjarlægist menningu hins meinta hryðjuverkamanns því meiri líkur eru á að lenda í klóm hans. Með öðrum orðum á helst að hringa sig í hreiðri hans til að losna við áhyggjurnar af því að vera sprengdur. Ef þú átt val áttu að fara á fraska skemmtistaði og dansa með ávaxtasafa í hönd og stunda heimanámið í byggingu íslamskra fræða á háskólasvæðinu.

Þessar ráðleggingar hafa þó fengið mig til að velta vöngum yfir eðli öryggisins sem ég er að tryggja. Ef öryggið fæst bara með því að hanga í pilsfaldi þeirra sem ógna því getur verið að hugtakið öryggi sé úrelt. Að minnsta kosti hlýtur að vera kominn tími til að staldra við og velta fyrir sér eftir hverju er að slægjast. Ef hendur hryðjuverkamanna eru þær öruggustu í heimi, er þá ekki tími til kominn að afneita örygginu?

Mundu að anda. Styttri kossar geta oft verið betri en þeir sem endast í margar mínútur og köfnun eða andarteppa er ekki æskileg aukaverkun.



Kysstu með varinrar lítið opnar. Ekki galopna munninn. Tilgangurinn er ekki að gleypa höfuðið á kossavininum.

Reyndu að stjórna magninu af munnvatni sem fer í munn kossafélaga þíns því fátt er eins óspennandi en að vera með fullan munninn af munnvatni einhvers annars, þó manni þyki hann eða hún sæmilega huggulegur.



Farðu hægt af stað. Nartaðu létt í varir mótkyssara þíns og horfist djúpt í augu áður en stokkið er út í.



Ekki hugsa of mikið um kossinn. Leyfðu honum að koma. Byrjaðu rólega og sjáðu hvað gerist.

stjörnuspá

★★★
25. nóvember – 1. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Þú ert afar tilfinninganæmur og uppstökur núna og gætir tekið upp á því að lenda í líkamlegum átökum. Áður en þú verður of æstur skaltu hafa í huga að það er hægt að nýta þessar ástíruð á svo miklu skemmtilegri hátt. Notaðu ímyndunaraflið...



NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Njóttu þess að liggja með bók og heitt kakó við kertaljós á meðan hróin dýnur á glugganum þínum. Það eru nefnilega síðustu forvöð áður en jólahjörðin kallar þig til samstarfs og ráðagerða.



TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Þú skalt búast við daðni, valdabaráttu og jafnvel smávotti af afbrýðisemi, bæði opinberlega sem og í einkalífnu. Þú hefur sem betur fer aldrei verið feiminn við sviðsljósið en taktu tillit til þeirra sem eiga erfiðara með að ráða við mikla athygli.



KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Þú ert kannski ekki búinn að fá nóg af veislum, tónleikum og frumsýningum en það fer að koma að því. Njóttu þess á meðan þú getur og það má þá alltaf fá sér smá lúr áður en haldið er út á lífið.



LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Félagslífið er alveg að fara með ljónin þessa dagana og þau verða að passa að taka sér tíma til að slaka á því annars gæti farið svo að þau springi á limminu. Sem gæti verið lausnin á þessu vandamáli því enginn vill vera nálæg ljóni í þeim ham...



MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Þér á eftir að koma sameiginlegt átak til að gleðja þig ánægjulega á óvart. Allir keppast nú við að láta þig vita hversu sérstök og ástæsl þú ert.



VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Nú er smá hlé hjá þér í bili og þú þarft að læra að vera þolinmóð og slaka á áður en næsta hrina hefst. Farðu út í dagsbirtu einhvern tímann, bara svona til að minna þig á hvernig það er.



SPORDDREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER

Haðru eyrun opin því innan skamms færðu glænýtt sjónarhorn á vandamálin þín úr ólöglegu átt. Þú hvekkist kannski eitthvað á því en lærir af þessum nýju upplýsingum og verður betri á eftir.



BOGMÆÐUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER

Þú átt eftir að uppgötva í þessari viku hvað yfirmenn og fólk í valdastöðum getur verið aðlaðandi. Fullvissaðu þig bara um að fólk sé á lausu áður en þú lætur til skarar skríða.



STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR

Allt í lagi, þú mátt slaka aðeins á almennilegheitunum og hætta að vera svona geðilega alúðleg við alla. Þú heldur auðvitað áfram að vera vingjarnleg en öllu má nú ofgera. Einbeittu þér að þínum náustu ef þú þarft enn að fá útrás fyrir gæðin.



VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR

Pótt þú treystir ekki fólk er ekki þar með sagt að það sé í allsherjarsamsæri gegn þér. Auðvitað borgar sig að hafa augun opin en reyndu að halda aftur af þráhyggi- unni og ofsóknaræðinu.



FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Þú ert ekki manneskjan sem setur úrslitakosti en það mun breytast, ef ekki í dag þá í náinni framtíð. Ef þér finnst þú vera að nálgast suðumark áttu eftir að láta fólk vita af því... og tími til kominn!!



HVAÐ ÞARF TIL AÐ **STOPPA** ÞIG?



HVIT A. HÓSD / SÍA


AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!


UMFERDARSTOFA


VÍN'BÚÐ

Í leit að betra lífi

Á hverju ári koma út bækur um allan heim sem eiga að hjálpa fólki að skilja sjálf sig og líðan sína og finna jafnvægi í stormasömum heimi. Íslendingar eiga sína Völuspá en einnig hérlendis koma út bæði íslenskar og þýddar bækur með góðri og gagnlegri lífsspeki. Birta kíkta á nokkrar handbækur um betra líf sem koma út fyrir jólin.



Ekki til uppskrift að hamingju

Gæfuspor – gildin í lífinu eftir sálfræðinginn Gunnar Hersvein fjallar um hugtök eins og mannkosti, tilfinningar, hamingju og mörg fleiri í því augnmiði að sýna hversu mikilvægt það er að rækta tilfinningar sínar. En af hverju skyldi það vera svona mikilvægt?

„Til að geta þekkt sjálfan sig og geta lagt eitthvað til í samfélaginu verður maður að þekkja sínar eigin tilfinningar,“ segir Gunnar Hersveinn, „bæði jákvæðar tilfinningar og líka þær neikvæðu eins og hatur, reiði, afbrýðisemi og öfund. Öfundin er aldrei góð en

það getur verið rétt að hata ákveðna hluti en aldrei persónur, svo dæmi séu tekin.“ En telur hann þörf á því að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf? „Já, það er mikil þörf á því vegna þess að við búum alltaf í samfélagi sem hefur tilhneigingu til að stjórna okkur. Maður getur lifað þó að maður gleymi því hver maður er en ef maður ætlar að leggja eitthvað til í samfélaginu þá þarf maður fyrst að þekkja sjálfan sig.“

En á Gunnar Hersveinn uppskrift að hamingju?

„Mér finnst markmiðið vera að hver einstaklingur velji sjálfur þau gildi og tilfinningar sem hann vill rækja en ekki ég fyrir hann eða neinn annar.“



Hugtök markaðsfræðinnar notuð í einkalífinu

Móti hækkandi sól heitir bók eftir höfund sem ekki hefur látið að sér kveða á ritvellingum áður. Árelía Eydís Guðmundsdóttir er lektor við viðskipta- og hagfræðideild HÍ og sérfræðingur í stjórnun. Hversvegna skyldi hún hafa ráðið í að skrifa þessa bók?

„Það eru eiginlega tvær ástæður fyrir því,“ segir Árelía. „Í fyrsta lagi þá er ég


að vinna með kenningar um stjórnun og finnst margar kenningar sem ég nota í fræðaskrifunum mínum eiga fullt erindi til fólks almennt. Ég er að gera rannsókn á því hvaða stjórnendur ná árangri og komst að því að viðhorf stjórnenda eru mikilvæg í því hvort þeir ná árangri í starfi. Önnur ástæðan er mun persónulegri því ég missti systur mína. Hún tók sitt eigið líf og þá fór ég að skoða hvað það er sem gerist þegar fólk missir von.“ Í bókinni eru ýmis hugtök markaðsfræðinnar kynnt með það til hliðsjónar að kenna fólki að beita þeim á eigið líf. „Ég er eiginlega bara að kynna fyrir fólki hvernig hægt er að nýta sér m.a. tæki sem kennd eru í stjórnun til að auka lífsgæði sín og lífsgleði.“



Fleiri áhugaverðar handbækur:

Fiskur! er heiti á hugmyndakerfi sem hefur bætt starfsárangur og vinnugleði fólks víða um heim. Höfundar fengu hugmynd að bókinni í hinni feikivinsælu fiskubúð Pike Place í Seattle Kanada. Í bókinni er tekið á vandamálum í stjórnun eins og kulnun í starfi og vinnuleiða og óvenjulegar aðferðir kynntar til að ráða bug á þeim.

ÁSTÆÐA ÞESS AÐ KARLAR LJÚGA OG KONUR GRÁTA Hjónin Barbara og Allan Pease reyna



hér að hjálpa kynjunum að skilja hvort annað. Þarna er tæpt á hlutum eins og hversvegna konur eiga aldrei nógu marga skó og hvað karlmenn eru raunverulega að meina með sumu sem þeir segja. Áreiðanlega þörf bók til að bæta samskipti kynjanna.

ANDSPÆNIS SJÁLFUM SÉR

Þetta greinasafn sem kemur út hjá



Háskólaútgáfunni og skartar regnbogans litum á forsíðunni fjallar um samkynhneigð á Ís-

landi í dag. Hvernig mæta ungmennti gagnkynhneigðarrembu í sínu daglega lífi? Skiptir það máli fyrir lækni hvort sjúklingur er samkynhneigður? Hvað er að gera samkynhneigð sýnilega? Þetta eru meðal þeirra spurninga sem höfundar fjalla um í þessari bók. Ritstjóri er Ólafur Páll Jónsson.

Colt snýr aftur



Verð frá **1.485.000 kr.**

MASC stöðugleikastýring • ABS hemlalæsisvörn • EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnstýring • Akstursthöva • Hiti í framsætum

Gullna stýrið og bíll ársins í Danmörku



Mitsubishi Colt snýr aftur eftir langa bið og óhætt að segja að hún hefur verið þess virði.

Bíllinn hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir: glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar 94 og 109 hestafla vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira. Colt er óvenju vel búinn miðað við aðra bíla í sama stærðarflokki.

Komdu og prófaðu hann.



Grípandi greipangan

» Konur sem ilma af greipávöxtum líta út fyrir að vera yngri en þær eru.

Konur sem ilma af greipávöxtum líta út fyrir að vera að meðaltali sex árum yngri en þær eru í augum karlmannna. Rannsókn var gerð af bragð- og ilmrannsóknarstofnun í Chicago og gekk út á það að kanna hvaða angan hafði áhrif á upplifun karla af konum og þá hvernig. Nokkrar miðaldra konur tóku þátt í tilrauninni

sem fólst í því að á þær var makið mismunandi ávöxtum, grænmeti og kryddjurtum, meðal annars spergilkáli, banana, piparmyntu og lavender en ilmurinn af þessum matvörum blekkti ekki karlana sem giskuðu nokkuð rétt á aldur kvennanna. Eina lyktin sem breytti ályktunum þeirra var lyktin af fersku greipaldíni. Þegar menn voru beðnir að giska á hvað greipaldinangandi kona var gömul töldu flestir hana mun yngri en hún raunverulega var. Þegar greipaldin-safi var hins vegar borinn á karlmenn fannst engum þeir líta út fyrir að vera yngri en vegabréfið þeirra sagði til um.

Allar konur kreisti á sig greip!



Heilbrigðir verslunarhættir

Ef þú ert eins og þorri samlanda þinna eru góðar líkur á því að þú eigir eftir að eyða töluverðum tíma í verslunarferðir fram til jóla. Ekki örvænta um að þú þurfir að gefa líkamsræktina upp á báttinum sökum tímaleysis vegna téðra athafna. Það er hægt að fá heilmikið út úr því að versla.

1

Prísaðu þig sæla/n ef þú átt erfitt með að finna bílastæði því fátt er eins hressandi fyrir verslunarferðina og rösklegur göngutúr. Vöðvarnir eiga eftir að fagna því að fá að bera þunga poka nokkurn spöl, nú eða ýta hlaðinni innkaupakerru.



2

Ef þú átt því óláni að fagna að fá bílastæði nálægt (og jafnvel þó svo sé ekki) gakkstu þá einn hring í verslunarmiðstöðinni áður en þú ferð í búðir. Þannig nærðu að hreinsa hugann og kaupir síður einhvern óþarfa og færð svo auðvitað hressandi stórmarkaðsloftið beint í lungun. Ef þú ert á Laugaveginum geturðu gengið öðrum megin upp og svo hinum megin niður.



einn hring í verslunarmiðstöðinni áður en þú ferð í búðir. Þannig nærðu að hreinsa hugann og kaupir síður einhvern óþarfa og færð svo auðvitað hressandi stórmarkaðsloftið beint í lungun. Ef þú ert á Laugaveginum geturðu gengið öðrum megin upp og svo hinum megin niður.

3

Fáðu þér eitthvað hollt og seðjandi að borða áður en þú leggur í verslunarferðina og taktu jafnvel með þér eitthvað til að narta í. Það



er auðvelt að missa einbeitinguna þegar maginn langar og þráir í það sem í boði er á skyndibitastöðunum og bakaríunum. Gróft hrökkbrauð, þurrkaðir ávextir og jafnvel nokkrir seriós-hringir geta gert gæfumuninn.

Polarolje

Selólía frá Noregi



**Þórhanna
Guðmundsdóttir**
Skrifstofumaður hjá SÍBS

„Ég hef verið með exem og þurra húð á höndum, eftir að ég fór að taka inn Polarolje er húðin á mér eins og silki. Ég get því mælt með Polarolje“



Niðurstöður klínískra rannsókna sem prófessor Arnold Berstad við Haukeland háskólasjúkrahúsið í Noregi framkvæmdi sýna að olían hefur áhrif á:

- Ónæmiskerfið
- Gigt - auma og stífa liði
- Sár og exem
- Maga- og þarmastarfsemi
- Hárvöxt og neglur
- Kólestról og blóðþrýsting

Fæst í öllum
apótekum
og heilsubúðum



Allt sem þarf

[er magic tan]



magic
TAN

www.magictan-iceland.com

Magic Tan Reykjavík

Smárasól, Sporthúsinu
Dalsmára 9-11,
201 Kópavogur
Sími 567 8780

Magic Tan Reykjanesbæ

Nuddst. Betri liðan
Hafnargötu 48a,
230 Keflavík
Sími 421 70 10

Magic Tan Akureyri

Snyrtist. Vita Liberata
Sunnuhlíð 12,
603 Akureyri
Sími 468 1588




Naturasun
Orange Orange
Peach Plum Bronze
Watermelon Red 2008

naturasun
pure natural spray tanning

More Colours, More Profits
The secret to 100% customer satisfaction

These 8 colours are the most popular of the Naturasun range



The Naturasun Mini Spray Tanning System is the most popular of 8 Mini Systems, Size 9 - 1.2Ltr.



Mini Spray Tanning System
£1,299
Listed at £18.99 per day



Full Body Spray Tanning System
£7,299
Listed at £11.99 per day

FRESHAIR LTD 5A Giles Street, Edinburgh, EH8 6QJ
T: +44(0)1370 340 7072 F: +44(0)131 354 3018 naturasun.com



Frísklegri og fallelgri húð

- NeoStrata húðvörur innihalda ávaxtasýrur, en rannsóknir sýna að þær hafa verulega bætandi áhrif á húðina.
- NeoStrata húðvörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit, heilbriggt og frísklegt yfirbragð.
- NeoStrata húðvörur eru bróðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum.



Fæst í apótekum

© SUNTVEIG OG FRÍÐR 20023



Nýjasti jóla-
öröinn frá Georg
Jensen fæst í
Kúningúnd eins
og allir hinir.



Gyllt og glæsilegt

Rautt, hvítt, grænt og gyllt eru litir jólanna. Rautt eins og einiberin, hvítt eins og jólasnjórinn, grænt eins og jólatrén og gyllt eins og jóla-stjarnan sjálf. Gyllt jóla-skraut er finlegt og ber með sér hátíðarbrag og glæsi-leika. Ekki spillir að í því speglast blessuð jólaljósín svo stirnir af. Gyllt skraut er sígilt en sjaldan hefur það verið vinsælla en nú. Úrvalið er mikið hvarvetna sem sýnir að gyllt skraut er inn í ár.

Finleg stjarna sem hægt er að festa hvar sem er. Úr Tékk Kristal.



Gylltur krans gefur hurðinni hátíðarsvip. Hann fæst í Soldis.



Fuglabúr er fallegt bæði um jól og í annan tíma. Fæst í Soldis.

Hjartalaga kerta-
stjaki úr Kúningúnd.



Danskt og dýr-
legt úr Tékk Kristal.



Fiðrildi eru flott á tré.
Þau fást í Soldis.



Kertið nýtur sín vel í þessu litla kerri sem fæst í Kúningúnd.



Heill heimur
af rómantík og
glæsileika



Lene Bjerre - Bæjarlind 6, Kópavogi.

Sími: 534 7470 • Opið virka daga frá 10-18 Laugardaga frá 10-16 - www.feim.is

Fallegt og vinsælt danskt jólaskraut

verð aðeins kr. 1.250.- í fallegum gjafapakka

menu



Á aðventukertin



1. Gjafapakki



5. Jólatré



11. Snjókorn



2. Stjarna



6. Tromma



12. Slaufa



3. Mistilteinn



7. Engill



4. Hjarta



8. Jólahafur



9. Laufblað



10. Rugguhestur

w w w . t k . i s

ERUM FLUTT ÚR FAXAFENI Í KRINGLUNA

TÉKK
KRISTALL

ER AÐEINS Í KRINGLUNNI

OPIÐ

föstudag 25 nóv 10 - 19

laugardag 26 nóv 10 - 18

sunnudag 27 nóv 13 - 17



Dalakofinn Firði

s: 555-4295

Ný sending
af glæsilegum
samkvæmistatnaði



Ótrúlega búðin

Kringlan • Fjörður • Keflavík

TROÐFULLAR BÚÐIR
af flottum
JÓLAVÖRUM

kíktu við!

JÓL 2005
Tölvu jólakort
einföld og falleg
lausn

Gjöf sem allir
geta notað

Jólakort
með 10x15 mynd

Skammtleg markspöld á þekktum

Þú getur dagað
með myndum úr
Þjóskýttulbúminu

www.filmurogframkollun.is
Fjarðargata 13-15, Firði Hafnarfirði

FILMUR & FRAMKOLLUN



· MORELLATO
Stáhhálsmen með demanti
kr. 5.950

Stáhhálsmen/gyllt með demanti
kr. 6.950

Stjörnumerki með 18kt gulli og demanti
kr. 6.950

Stálhringur með demanti
kr. 4.300

ÜR & GULL

Firði - Miðbæ Hafnarfjarðar Sími: 565 4666



café aroma

Café Aroma er þægilegur veitingastaður í hjarta Hafnarfjarðarbæjar þar sem góð þjónusta, tónlist og spennandi matargerð skapa notalega stemningu.

Á barnum er að finna léttvín og bjór í úrvali auk heitra og kaldra drykkja.

Áherslan er lögð á fjölbreytni til þess að viðskiptavinir okkar geti á öllum tímum fundið það sem freistar.

Hollur salatbar í hádeginu
-alla virka daga

Heitur réttur • tvær súpur
nýbakað brauð • kaffi á eftir
aðeins 990,-
...eða taktu með
Stórt box: 490,- • Lítið box: 390,-

Opnunartími
Mán.-mið. 10:00 - 00:00
Fim: 10:00 - 01:00
Fös. & lau. 10:00 - 03:00
Sun. 13:00 - 00:00

Fjarðargötu 13 - 15
220 Hafnarfjörður
Sími: 555 6996
www.aroma.is

kandalljós 2005



Verð: 18.990

Verð: 17.990

Verð: 5.990

EURO SKO

Fjarðarskór Hafnarfirði S. 555 4420



Ný og spennandi verslun 2 hæð Firðinum

Twizzt

Frábærar jólagjafir

Höfum mikið úrval af sköm, biltum, tösukum, hárskrauti, húfum, vettlingum, treflum og sokkum ásamt ýmsum öðrum sniðugum vörum.



LJÓSMIND/GVA

Þórdís Zoëga hönnuði er englaspilið kært enda er það smíðað af föður hennar Geir Agnari Zoëga verkfræðingi.



Glæsilegar vörur
- gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Englarnir hringdu inn jólin

» Uppáhaldsjólaskraut Þórdísar Zoëga hönnuðar.

„Þegar ég hugsa um hluti sem helst mynda jólastemninguna kringum mig þá koma mér í hug ýmsir handgerðir munir sem hafa verið búnir til með skemmtilegum hætti innan fjölskyldunnar. Faðir minn Geir Agnar Zoëga hafði til dæmis gaman af að smíða úr járn í frístundum sínum og uppáhaldsjólaskrautið mitt er englaspil sem hann gerði fyrir svona fjöru-tíu og fimm árum,“ segir Þórdís

og lýsir þessum kæra hlut nánar. „Þetta er spil með fjórum kertum, fjórum englum og fjórum bjöllum. Þegar kveikt er á kertunum byrja englarnir að snúast og slá í bjöllurnar sem framkalla hina ljúfustu jólatóna. Í æskuminningunni er það þannig að þegar búíð var að breiða alla handsaumuðu jóladúkana á borðin í stofunni og bjölluljómur barst frá englaspilinu – þá voru jólin komin.“

Kerti eru jólaleg

Auðvelt er að gera jólastemningu í húsið með því að kveikja á kertum. Ekki þarf alltaf mikið skraut til þess að notalegt andrúmsloft aðventunnar verði allsráðandi á heimilinu. Einfaldast af öllu er að finna til fallega kertastjaka, kveikja á kertum og slökkva á ljósum.

Setja svo notalega tónlist í græjurnar, gjarnan með jólalegu ívafi.



Við hljómunum betur

- Í hljóðdeildinni okkar finnur þú glæsilega hönnun og alvöru hljómgæði.
- Besta hlustunaraðstaða landsins.
- Við erum fagmenn í hljóði og veitum þér ráðgjöf.



Besta heimabíókerfi í Evrópu

ONKYO®

Loksins aftur fánlegt á Íslandi

TANNOY
Hátalarar

REL
Bassabox

Dream Vision
Skjávarpar

DYNAUDIO
Hátalarar

SHANLING
Lampatæki

Goldring
Plötuspilarar & hljóðdósir

MERIDIAN
Heimabíókerfi

SENNHEISER
Heymartól

KIMBER KABLE
Kaplar

Numark
DJ græjur

epos
Hátalarar

Densen
Hljómtæki

PFAFF • BORGARLJÓŠ

Grensásvegi 13 · 108 Reykjavík · Sími 414 0400 · www.pfaff.is



Piparkökur má hengja á jólatré en líka borða með bestu lyst.

Nýtt á hverju ári

Jólaskraut er eitt af því sem safnast upp á heimilum. Jól eftir jól er einhvern veginn alveg nauðsynlegt að bæta einu og einu í sarpinn, einum litlum glerengli, einum feitum jóla-sveini, einni marglitri kúlu. Sumt jólaskraut er þó forgengilegt sem betur fer. Flestir kjósa það nefnilega líka að skreyta hús sín með greinum grænum, ávöxtum og kókum. Sumir baka piparkökuhús á hverju ári og skreyta það með mikilli viðhöfn, aðrir vanda sig alveg sérstak-

lega með eina laufabrauðsköku og hengja hana svo upp á besta stað í húsinu. Sumir setja sælgæti í kramarhús, aðrir strengja poppkorn og ber í keðjur til að hengja á jólatréð. Og svo má ekki gleyma öllum jóla-blómum, jólarósinni, nóvemberkaktusnum og hýasintum sem skreyta þessa hvítu hátíð litskrúði sínu. Og það sem er best við allt þetta lífræna skraut að það er hægt að kaupa það, baka og búa til nýtt ár eftir ár.



Piparkökuhús eru uppspretta bæði gleði og bragðgæða um jólin. Þetta hús tók meira að segja einu sinni þátt í keppni.



Margir þekkja þann sið að hengja mandarínur með negulnögglum upp um alla veggja eða bara raða þeim á borð eða í skálar til jólaskrauts. Fyrir utan sjónræna yndið þá er ilmurrin indæll.

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



**ANNA
MARÍA**
DESIGN

GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036



Jólastjörnur eru yfirleitt einærar og því alltaf gaman að fara og kaupa nýja þegar jólafastan hefst.



Falleg og vel skorin laufabrauðskaka nýtur sín einkar vel úti í glugga eða neðan úr ljósakrónunni.



Fátt er jólalega en rauð epli og það er nóg að dreifa þeim bara um borðið til að gera hvaða málsverð sem er jólalegan. Svo má líka hola þau innan og setja kerti í. Fljótlegt og fallegt.



Mistilteinn er mikið notaður til skreytinga erlendis eins og aðrar sígrænar jurtir. Siðinn að kyssast undir honum má tengja frjósamisdýrkun og hækandi sól.

rifka
cosmetics

Þú færð gjöfina í Debenhams

Frábært úrval af Rifka föðunarvörum



Föðunarsett
ásamt veglegri tösku
kr. **5.900-**



Organizer
kr. **3.990-**

Föðunarsett ásamt kinnalita-
og augnburstum kr. **4.800-**

Penslasett
í glæsilegu veski
kr. **4.800-**

www.rifka.is

rifka
cosmetics
MAKE UP
SCHOOL

Kynntu þér Föðunarskóla Rifka
Námskeið hefst í janúar
Hringdu í síma 565-2300

GG ALMANNATENGLS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

HEIMSPÉKKT GJAFAVARA



Rosina Wachtmeister

Claude Monet

Vincent Van Gogh

Gustav Klimt

Alphonse Mucha



Jon & Óskar

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA

Laugavegur 61 • Sími 552 4930 • www.jonogoskar.is

neusverk / SÍA



Litríkar jólakúlur

Jólakúlur eru mjög klassískt jólaskraut og ómissandi á jólatréð. Jólakúlurnar sjálfar taka samt stöðugum breytingum og fylgja nýjustu straumum og stefnum. Jólakúlur fást í öllum stærðum, gerðum, litum og mynstrum. Sumar eru gamaldags og aðrar framúrstefnulegar. Hver og einn getur fundið jólakúlur á tréð í sínum uppáhaldslit eða blandað saman öllum mögulegum litum, mynstrum og stefnum.



Litla jólabúðin



Jólahúsið



NÝJAR JÓLAVÖRUR

BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



Kúnigúnd

Oskalisti



Dúkar



Englar

Full verslun af nýjum vörum til heimilis og gjafa



Húsgögn



Ljósakrónur

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán.-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun. 13-16
www.unika.is

GJAFIR FYRIR SÆLKERA

Bragðgóðar gjafapakningar með kertum, kryddum, tónlist og öðru góðgæti.



La Vida
Gjafir fyrir sælkera

Laugavegur 51, 101 Reykjavík sími 552 8881

KORTIR



Allt í blóma

Laugavegi 61 • Sími: 551 4466

Handmáluðu jólakúlurnar eru komnar aftur

Hver munur er einstakur.

Vandað og fagurt handbragð.



Jólin 2005



Nú erum við búin að undirbúa verslunina okkar fyrir aðventuna

Af því tilefni bjóðum við ykkur að koma á kynningu til okkar nú um helgina 26 og 27 nóv



sími 553 1099 • fax 568 4499 • netfang blomabud@blomabud.is
www.blomabud.is



Jesúbarnið í jötunni. Finnst í Litlu jólabúðinni.



Stytta úr Kúnigúnd.



Gamall bíl úr Litlu jólabúðinni

Eftirvænting jólanna

Hér áður fyrr var ekki skreytt fyrr en á Þorláksmessu og mikill spenningur sem fylgdi því. Gamaldags skraut minnir á þessa miklu eftirvæntingu.

Spiladós, útskorið tréhús, Jesús í jötunni, litlir jólaálfar, kertaspil, allt minnir þetta á eitthvað gamalt og gott. Hefðirnar í dag eru dálítið aðrar en voru þegar maður sjálfur var lítill. Nú er Kringlan skreytt í október en hér áður fyrr átti að geyma allt



Lúður á jólatréð úr Jólahúsinu.

fram á aðfangadag – jólaskrautið þar með talið. Jólatréð var skreytt á Þorláksmessukvöldi og spenningurinn við að sjá það morguninn eftir var óbærilegur. Gamaldags jólaskraut vekur svo sannarlega upp minningar um þessa óbærilegu eftirvæntingu.

Samkvæmisjakkar margir litir kr. 16.900

10 ár í Mörkinni
Tilboð í gangi

Úlpur, stuttkápur, rúskinnsjakkar, leðurjakkar, þunnir ullarjakkar, pelskápur, pelsjakkar, treflar, hattar og húfur



50% afsláttur

af ullarkápum í stærðunum 36-46

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6 – S: 588 5518

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16



Stúlka í Viktoríustíl. Fæst í Jólahúsinu.

Lítill jólastrákur úr Litlu jólabúðinni.



Stúlka og drengur við söng og trommuslátt. Fæst í Jólahúsinu.




Trépar úr Litlu jólabúðinni.



Útskorið hús, tréð snýst þegar kveikt er á kerti. Fæst í Jólahúsinu.

Spiladós úr Litlu jólabúðinni.





Vatnsdropinn – tákni um líf
Þessi silfuritaði vatnsdropi fylgir heimsendum
gíröseðlum inn á hvert heimili í landinu.
Láttu hann skreyta heimilið í desember og vertu
viss um að þitt framlag skilar árangri.

Skrúfum frá krananum

– gefðu vatni

Það er víða nóg af vatni í Afríku – vandinn er að ná því.

Ein leið er að grafa brunn. Það vatn sem víða er til staðar í fátækum löndum er óhreint og gróðrarstía fyrir sóttkveikjur. Daglega deyja um 5000 manns af völdum sjúkdóma sem rekja má til skorts á vatni og nauðsynlegu hreinlæti. Nýr brunnur kostar um 120.000 kr. og getur hver þeirra séð 1.000 manns fyrir vatni í marga áratugi. Það þarf ekki nema tæplega 50 manns til að kosta einn slíkan brunn. Fyrir 2.500 kr. getur þú leyst vatnsvandræði 20 manns til frambúðar.



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Heimsendur gíröseðill
Þessa dagana er gíröseðill vegna söfnunarinnar
að berast inn á heimili landsins.





MIRALE

Full búð af glæsilegum **JÓLAGJÖFUM**



TIVOLI



NÝTT
Sænskt
handverk
frá Rotor



MIRALE

Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

opið:
mán. – föstud. 11–18
laugard. 11–16
sunnud. 13–16

ALESSI

Mirale er eini
viðurkenndi
söluaðili Alessi
á Íslandi



Uppáhalds jólaskrautið hans Ómars Ragnarssonar, fréttamannsins landskunnna, er jólabarnið, níjtjándi barnabarnið sem fjölskyldan á von á 7. desember.

Jólabörnin uppáhalds jólaskrautið

„Við erum löngu hætt að vera með jólaskraut en seinustu fimmtán árin höfum við verið með nýtt jólabarn annað hvert ár, og þannig verður það í ár líka ef guð lofar,“ segir Ómar Þ. Ragnarsson fréttamaður. Hann og kona hans eiga sjö börn og þetta barnabarn verður það níttjándi en von er á því í byrjun desember.

„Þetta barn verður svo glænýtt að það verður bara frumsýning á því í jólaboðinu okkar,“ segir Ómar og hlær, og bætir við að það verði rúmlega þrjátíu manns á jölunum svo ekki sé pláss fyrir jólaskraut.

Á yngri árum segir Ómar að hann hafi alltaf haft svo mikið að gera utan heimilisins fyrir jólin, bæði sem fréttamaður við gerð fréttamaðla sem og við að leika jólasvein, að hann hafði lítinn sem engan tíma til að sinna hlutum eins og jólaskrauti.

„Það mæddi allt á konunni minni en þó var það alltaf hlutverk mitt að kaupa jólatréð og svo skreytti ég það með fjölskyldunni á Þorláksmessu,“ segir Ómar og bætir við að dætur þeirra hafi stundum gagnrýnt hann harðlega fyrir seinangang við það starf.

Ekkert er hættulegra en kona í hefndarhug



Þær eru ungar
Þær hafa verið sviknar
Þær ætla að hefna sín

Í miðborg Reykjavíkur hafa konur stofnað Hefnibandalag. Aðgerðir þess eru frumlegar, fyndnar og stundum hrottalegar. Þær eiga að kennakarlpeningnum að ekkert er hættulegra en kona í hefndarhug.



Edda
edda.is



Jólasveinar einn og átta...



Handunninn stúfur. Fæst í Jólahúsinu.



Jólasveinn á hjóli úr Litlu jólabúðinni.



Gamaldags jólasveinn úr Kúnígúnd.

» Enginn veit með vissu hversu margir sveinarnir eru né hvaðan þeir koma.

Deilt hefur verið um fjölda og hlutverk jólasveinanna. Jóhannes úr Kötlum samdi kvæði um þrettán sveina, misþæga og góða. Í þjóðvísunni Jólasveinar einn og átta eru þeir fjórum færri og eina sem um þá er vitað er að þeir búa í fjöllumum. Víða erlendis, til að mynda í Bandaríkjunum, er aðeins einn jólasveinn á ferð. Hann er mjög snyrtilegur og finn og afar gjafmildur. Hér má sjá nokkrar útgáfur af dularfullu sveinum.

GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN



Frykjavík: Höngva, Eignir, Elka, Byko, Byggj & Búð
 Hafnarfjörður: Fatmæti, Fjarðerkaup
 Akureyri: Byko, Höngva
 Selfoss: Arvísinn, Byko
 Stykkishólmur: Heimaheild
 Reykjavík: Byko
 Akranes: Höngva
 Vestmannaeyri: Gólf


Sagnljóður: Tjarnar
 Húsvík: Öryggj
 Ísafjörður: Þristur
 Borgarnes: Samaup

Egitstada: Smíð K-88
 Húsavík: Öryggj
 Reykjavík: Byko
 Fréttir: Koffeinurflugandi

MATCO heildverslun
 www.matco.is



Jólasveinn úr gleri. Fæst í Litlu jólabúðinni.



Lappalangur sveinki - telur niður dagana til jóla. Fæst í Litlu jólabúðinni.



Gluggagægir teiknaður af Brian Pilkington. Finnst í Jólahúsinu.



Stytta úr Kúnígúnd.



Fötbrotinn sveinki úr Litlu jólabúðinni.

METSÖLU-LÍFSSTÍLSBÓK SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM KVENNA

KONUBÓKIN

Dr. Pamela Peeke studdist við nýjustu rannsóknir þegar hún lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið **algjörlega að konum**.


Fjallað er um aðferðir sem gera konum kleift að greinast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi sínu. Pamela útskýrir hvernig **jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu**. Á öllum aldri.

- Ótrúlegar „**fyrir og eftir myndir**“ ásamt vitnisburði kvenna.
- **Spurningar og svör**: Kafli sem svarar spurningum þínum um mataræði og æfingar.
- **Yfir 100 myndir sem sýna æfingar**.
- Aðferð Dr. Pamelu Peeke **hjálpur öllum konum að ná toppárangri** á mismunandi aldurskeiðum.

„Loksins er komin lífstílsbók þar sem æfingaáætlanir og mataræði miðast við þarfir og líffræði kvenna.“ *Dísa í World Class*

ÚTKALL

Sími 562 2600





Allt fyrir gluggann

Fagleg ráðgjöf
Máltaka og aðstoð við val
Föst verðtilboð
Lánum lengjur heim til að prófa
Uppsetning
Sérсаumur og sérsmíði
Stuttur afgreiðslufrestur



Síðumúla 32 Reykjavík S: 588 5900
Tjarnargötu 17 Keflavík S: 421 2061
Glerárgötu 32 Akureyri S: 462 5900

 **Álnabær**

	MP & BH ¹²	ÓHREININDI	DÚLLA	MÁLMUR	LEYSIR	KRAFTUR	UNDAN S		
	ÍLÁT		¹					FLÝTI	
	FRÍ						ÓHREINKA ÓTRYGGUR	TVEIR EINS RYKKORN	
	OTA	ÓREIDA HÁTTUR		INNAN Í HORNI			DREIFA		
ÁSYND			⁴	ARÐA HLJÓMA				SUKK	FIMM DRYKKUR
GUÐ	↓		HJARAR STÓRFLJÓT				GERAST MÆLIEINING		
KERRA				SKÓLI HRASAD	LIDAMÓT		³	KOSHING	
SAMAN- BURÐAR- TENGING		LAND VAXA				TELJA			KLUKKAN
RÁFA				TVEIR EINS KEYRA			MÆLIEINING TUSKA	FUGL	
ÍSL. STAFUR	ÆDA LÖNG OG LÁG HÆÐ		ÓHLJÓÐ		STÓR HENDI	KER			ÁA TVEIR EINS
Í RÖÐ	²		SVARA			HAMFLETTA		FRÚ EFTIR B	
	↪						↑ FEDDAR		



Leystu krossgátuna!
 Þú gætir unnið DVD diskinn
Mr. & Mrs. Smith
 með BRAD PITT og ANGELINA JOLIE
 í aðalhlutverki!



BaseCamp

Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORDIÐ á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti lítit út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.

Greidd úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.



LJÓSMUND: GVA

» Eyjamaðurinn Þorsteinn Gunnarsson sér um Íþróttaspjallið.

Heitustu íþróttufréttirnar

Þorsteinn Gunnarsson er þáttastjórnandi þáttanna Íþróttaspjallið sem sýndir eru á Sýn og NFS. Íþróttapátturinn er tvískiptur. Annars vegar er fjallað um heitustu íþróttufréttir dagsins en þar er alltaf af nógu að taka. Hins vegar fær Þorsteinn til sín gesti eins og þjálfara, leikmenn, formenn félaga, íþróttafréttamenn og áhugafólk um íþróttir til þess að ræða það sem efst er á baugi hverju sinni í íþróttahéiminum. Þorsteinn verður einnig í beinu sambandi við íslenska atvinnumenn í útlöndum og leitast við að

finna fróðlega fleti á ýmsum þeim álitamálum sem upp koma í íþróttahéiminum. Íþróttir eru oftar en ekki mjög tilfinningaþrungnar og það er sú stemning sem þátturinn reynir að fanga. Þorsteinn þiggur allar ábendingar og þá á hann ekki síst við áhugaverðar fréttir úr grasróttinni þar sem víða er unnið mjög vanþakklátt starf. Þorsteinn er Vestmannaeyingur í húð og hár og er ákaflega stoltur af því. Hann hefur alla tíð verið á kafi í íþróttum og stóð í markinu hjá ÍBV í fótboltnum í nokkur ár. Íþróttir

hafa alla tíð verið hans stóra ástríða og því finnst honum það vera forréttindi að geta unnið við sitt helsta áhugamál! Eftir háskólanám í Svíþjóð fluttist hann aftur til Eyja og starfaði þar sem blaðamaður. Hann var einnig framkvæmdastjóri ÍBV um tíma. Þorsteinn hefur unnið sem íþróttafréttamaður hjá Stöð 2, Sýn og NFS í á sjötta ár. Hann er kvæntur og á tvö börn en fjölskyldan býr í Grindavík sem hann kallar paradís Suðurnesja. Þar líður þeim ákaflega vel.

föstudagur

SIÓNVARPIÐ KL. 00.15

ADAPTATION Verðlaunamynd um handritahöfund sem er í ástarsorg og kemst ekkert áfram með verkefni sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. Hann leitar hjálpar hjá tvíburabróður sínum, Donald, sem á mjög auðvelt með að skrifa þó það sjáist ekki utan á honum. Leikstjóri er Spike Jonze og meðal leikenda eru Nicolas Cage, Meryl Streep og Chris Cooper. **Einkunn á imdb.com: 7,9.**

SIRKUS KL.21.15

CAPTURING THE FRIEDMANS Sláandi heimildarmynd um Friedman-fjölskylduna sem á yfirborðinu virðist hamingjusöm og ofurvenjuleg. Heimurinn hynur þegar faðirinn ásamt yngsta syni sínum eru ákærðir fyrir að hafa kerfisbundnið misnotað börn en myndin byggir að miklu leyti á einkaupþökum eins fjölskyldumeðlimsins. Myndin var valin besta heimildarmyndin á tólf kvikmyndahátíðum og hlaut Óskarsverðlaunatilnefningu. **Einkunn á imdb.com: 8,1.**

STÖÐ 2 KL.00.25

EIGHT LEGGED FREAKS Uppnám er í litlum námubæ því efnaúrgangur hefur komið af stað atburðarás sem enginn getur stöðvað. Stökkbreyttar skaðræðisskepnur eru komnar á kreik og það er ekkert grín að ráða niðurlögum þeirra. Áttfætlingarnir blóðþyrstu eru hættulegir andstæðingar en Sam lögreglustjóri og hans menn reyna að bjarga því sem bjargað verður. Aðalhlutverk leika David Arquette og Scott Terra. **Einkunn á imdb.com: 5,6.**

laugardagur

STÖÐ 2 KL. 23.25 / THE BUTTERFLY EFFECT



STÖÐ 2 KL. 23.25

THE BUTTERFLY EFFECT Dulmagnaður vísindatryllir. Ungur maður hefur allt frá æskuárum getað lokað fyrir óþægilegar minningar. Nú þegar hann er orðinn fullorðinn hefur hann fundið út leið til að rifja upp þessar glötuðu minningar og beitir yfirsýnvinlegum kröftum, óreiðukenningunni og fiðrildaáhrifunum til að breyta lífi sínu. Aðalhlutverk leika Ashton Kutcher, Amy Smart, Melora Walters. **Einkunn á imdb.com: 7,7.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.00

